



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**Félags- og mannvísindadeild**

**BA-ritgerð**  
**félagsfræði**

**Að baki skjaldborgarinnar**  
**Upplifun lögreglumanna af mótmælunum í**  
**janúar 2009**

**Vilborg Hjörny Ívarsdóttir**

**Júní 2009**

Leiðbeinandi: Kolbeinn Hólmar Stefánsson

Nemandi: Vilborg Hjörny Ívarsdóttir

Kennitala: 271081-5029

## Útdráttur

Þessi ritgerð greinir frá niðurstöðum eigindlegrar rannsóknar um upplifun lögreglumanna af mótmælunum sem fram fóru í lok janúar 2009. Hún skiptist í fjóra hluta.

Í fyrsta hluta er fjallað um aðdraganda mótmælanna og reynslu lögreglunnar af mótmælum síðan í ársbyrjun 2008 fram til umrædds tíma. Rannsóknin fjallar um upplifun lögreglumanna af dögnum, 20. janúar, 21. janúar og 22. janúar 2009.

Í öðrum hluta ritgerðarinnar er aðferðafræði rannsóknarinnar tekin fyrir. Kaflarnir í öðrum hluta eru tveir. Í þeim fyrri er rannsóknaraðferðin útlistuð en rannsóknin byggir á eigindlegri rannsóknarhefð. Notast er við hálfstöðluð viðtöl eftir forskrift Kristins G. Esterberg.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru reifaðar í þriðja hluta ritgerðarinnar. Sá hluti skiptist í sex kafla og í hverjum þeirra er fengist við ákveðin málefni. Í réttri röð eru þau; aðferðafræði lögreglunnar eftir bankahrunið, upplifun lögreglumanna af mótmælunum í janúar 2009, hlutverk lögreglu, vinnuálag og aðstandendur lögreglmanna, fjölmiðlar og að lokum er litið á stöðu lögreglunnar í ljósi þessara atburða.

Markmið rannsákanda er að opna sviðið fremur en að svara spurningum og í fjórða og síðasta hluta ritgerðarinnar eru frekari rannsóknarspurningum gerð skil.

## Efnisyfirlit

Útdráttur.....	3
Inngangur .....	5
1. Lögreglan í aðdraganda mótmæla .....	7
2. Aðferðafræði.....	11
2.1. Rannsóknaraðferðin .....	11
2.2. Þátttakendur, framkvæmd og úrvinnsla .....	12
3. Niðurstöður.....	14
3.1. Aðferðafræði lögreglunnar eftir bankahrun .....	14
3.2. Upplifun lögreglumanna af mótmælunum í janúar 2009 .....	16
3.2.1. Mótmælendur – upplifun lögreglu .....	19
3.2.2. Undirbúningur lögreglu fyrir mótmælin .....	21
3.3. Hlutverk lögreglu .....	25
3.3.1. Afstaða almennings til lögreglu frá sjónarhóli lögreglumanna.....	26
3.4. Vinnuálag og aðstandendur lögreglumanna .....	28
3.5. Fjölmiðlar .....	31
3.6. Staða lögreglunnar.....	34
3.6.1. Varnir og úrræði.....	36
4. Umræður og lokaorð.....	37
Heimildir .....	41

## Inngangur

Í lok janúar 2009 brutust út mikil átök á milli lögreglu og almennings á Íslandi í kjölfar kröftugra mótmæla í Reykjavík. Margmenni hafði safnast saman fyrir framan Alþingishúsið í þeim tilgangi að sýna samstöðu og mótmæla setu þáverandi ríkisstjórnar vegna bankahrunsins 2008 og vanmáttar hennar að takast á við afleiðingar þess. Mótmælin höfðu staðið yfir frá því hrúnið varð en í lok janúar náðu þau hámarki er mótmælendur tóku að grýta Alþingishúsið. Það er meðal annars hlutverk lögreglu að vernda Alþingishúsið og því tók hún sér stöðu á milli mótmælenda og hússins. Reiði mótmælenda snérist þá að miklu leiti yfir á lögregluþjónana er sinntu skyldustörfum sínum og náði sú reiði hámarki þegar lögreglan var að verða innlyksa og tárageasi var beitt í þeim tilgangi að dreifa mannfjöldanum áður en ástandið versnaði.

Sem borgari og aðstandandi lögreglumanns fylgdist ég áhyggjufull með framgangi mála og líkt og margir aðrir landsmenn fékk ég upplýsingar mínar í gegnum fréttaplutning fjölmiðla og skrif almennings á veraldarvefnum. Ég hafði mikinn áhuga á því sem var að gerast og átti oft á tíðum bágð með að skilja framgöngu mótmælenda, sérstaklega hvers vegna fólk réðist að lögreglumönnum. Ég varð sjálf vitni að þreytu lögreglumanns og hvernig fatnaður hans var ónýtur eftir fyrsta dag mótmælanna þar sem olíumálningu ásamt skyri, eggjum og grjóti hafði verið kastað yfir lögregluna. Ég gat engan veginn skilið framgöngu fólksins og þegar myndbrot birtust af fáeinum lögreglumönnum, sem stóðu vörð um stjórnarráð Íslands, verða fyrir stanslausu grjótkasti var mér nóg boðið. Ísland er friðsamt land, hér er ekki stunduð hermennska og lögregla landsins er óvopnuð og því var þetta algerlega ný upplifun fyrir alla.

Hjá mér kviknaði áhugi á að skoða uppbyggingu mótmælanna. Hvað varð til þess að fólk missti algerlega sjónar á upprunalegu markmiði sínu, að mótmæla stjórnvöldum og fór þess í stað að níðast á vörðum laganna sem voru einungis að vinna lögum samkvæmt.

Upphafleg hugmynd verkefnisins var því að fjalla um mótmælin, aðdraganda þeirra og hvernig þau þróuðust með aðaláherslu á kenningar um hóphegðun á borð við Threshold models of collective behavior<sup>1</sup> og lýsa því hvernig fólk hreifst með í mannmergð og hvernig stemmningin magnaðist og atburðir þróuðust. Til að fá enn betri sýn á þá atburðarás sem

---

<sup>1</sup> Threshold models kenningin skýrir út ákvarðanatöku einstaklinga sem eru í aðstæðum þar sem þeir geta valið um tvo kosti. Kostir og/eða gallar hvers kosts fyrir sig miðast við hve margir aðrir einstaklingar hafa kosið þann kostinn. Þröskuldurinn sem stjórnar því hvaða ákvörðun einstaklingurinn tekur er því sá hve margir aðrir þurfa að hafa valið kostinn áður en einstaklingurinn ákveður sig, hvora hegðunina hann kys (Granovetter, 1978).

varð á meðal mótmælenda var stefnan að tala við lögreglumenn og fá að heyra þeirra upplifun af hegðun mótmælenda og þróuninni frá rólegum mótmælum yfir í ofbeldi og níð. Í vinnslu og heimildaöflun færðist áhugi minn þó alltaf nær og nær upplifun lögreglumannanna af mótmælunum. Eftir að hafa skoðað ótal myndir og myndskreið af mótmælunum sá ég að áhugi fréttamanna og annarra á upplifun þeirra sem tóku þátt í atburðunum fyrir framan Alþingishúsið snéri nær undantekningarlaust að mótmælendunum. Hvernig þeim leið, hvort þeir hefðu orðið fyrir piparúða, slasast á einhvern hátt og ástæðuna fyrir veru þeirra þarna. Því ákvað ég að taka aðra stefnu í verkefninu og ræða við lögreglumenn um þeirra upplifun af mótmælunum, beina kastljósinu að þeirra sjónarhorni bak við skjaldarrendurnar. Til umfjöllunar eru síðustu þrjú dagar mótmælanna, þriðjudagurinn 20. janúar, miðvikudagurinn 21. janúar og fimmtudagurinn 22. janúar en daginn eftir sleit þáverandi ríkisstjórn samstarfi sínu.

Tilgangur rannsóknarinnar er að draga lærdóm af því sem þarna gerðist bæði fyrir lögreglumenn og yfirstjórnendur þeirra, almenning og aðstandendur lögreglumanna og ekki síst fjölmiðla þar sem þeir skipa veigamikinn sess í upplifun almennings á mótmælunum.

Ritgerðin skiptist í fjóra hluta: Aðdraganda mótmælanna, aðferðafræði, niðurstöður, umræður og lokaorð. Í fyrsta hluta ritgerðarinnar er farið yfir sögu mótmæla á Íslandi frá mars-apríl 2008 til janúarloka 2009. Í öðrum hluta er fjallað um þá aðferðafræði sem rannsóknin byggir á og þær aðferðir sem beitt var við gagnaöflun fyrir rannsóknina og hvernig úrvinnsla þeirra fór fram. Í þriðja og fjórða hluta ritgerðarinnar er fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar og þær upplýsingar sem hún gefur um upplifun lögreglumanna af mótmælunum og frekari rannsóknarspurningar viðraðar.<sup>2</sup>

---

<sup>2</sup> Leiðbeinandi minn var Kolbeinn Hólmar Stefánsson, sérfræðingur við Þjóðmálastofnun Háskóla Íslands sem ég þakka kærlega fyrir gott samstarf. Ég þakka einnig þeim sem að sýndu ritgerðinni áhuga og þeim sem aðstoðuðu mig við vinnu og frágang ritgerðar. Þá vil ég þakka lögregluyfirvöldum fyrir veittan aðgang og stuðning. Fyrst og fremst vil ég þó þakka viðmælendum mínum sem gáfu sér tíma til þess að tala við mig og treystu mér fyrir reynslu sinni og upplifun og leyfðu mér að fá innsýn í heim lögreglumannsins sem er okkur hinum oft á tíðum hulinn.

## 1. Lögreglan í aðdraganda mótmæla

Reynsla lögreglunnar á Íslandi af mótmælum í líkingu við þau sem urðu í janúar 2009 hófst með mótmælum vörubílstjóra vegna hækkandi olíuverðs í ársbyrjun 2008. Mótmæli þeirra fóru fram með þeim hætti að þeir töfðu umferð og orsökuðu teppu á aðalumferðaræðum höfuðborgarsvæðisins. Þeir óku lúshægt um aðalgötur höfuðborgarinnar og í sumum tilfellum stöðvuðu þeir bifreiðar sínar algjörlega. Þau mótmæli leystust án teljandi vandræða. Þann 23. apríl stefndi í frekari mótmælaaðgerðir af hálfu vörubílstjóra á Suðurlandsvegi og var lögreglan því send á vettvang til viðræðna við þá.

Þetta voru fyrstu mótmælin sem höfðu áhrif á almenning á höfuðborgarsvæðinu, áður fyrr höfðu flest mótmæli farið fram utan höfuðborgarinnar. Sjónvarpsstöðvarnar hófu beinar útsendingar frá vettvangi og er á leið slóst nokkur fjöldi ungs fólks í lið með bílstjórunum og hófu óeirðir gegn lögreglu. Eggjum og steinum var kastað í lögreglu og varð lögreglan að setja upp svokallaða línu<sup>3</sup> þar sem borgurum var ætlað að halda sig utan hennar. Við þessi mótmæli slasaðist lögreglumaður er grjóti var kastaði yfir línu lögreglunnar og lenti grjótið í andliti hans (Örlygur Steinn Sigurjónsson, 2008)

Aðsúgur þeirra borgara sem þarna dreif að gegn lögreglu endaði með beitingu piparúða<sup>4</sup> gegn þeim sem höfðu sig hvað mest í frammi og 21 mótmælendi var handtekinn og 16 vöruflytningabifreiðar gerðar upptækar. Skoðanir borgara á þessum samskiptum lögreglu og mótmælenda voru skiptar og höfðu margir lítinn skilning á þessum aðgerðum lögreglunnar sem eru mjög fátíðar og því kom fram nokkur gagnrýni á störf hennar. Þó ber að geta þess að samstaða með vörubílstjórum minnkaði nokkuð eftir þessi mótmæli (Gísli Jökull Gíslason, 2008).

Í byrjun október 2008 varð bankahrun á Íslandi þar sem allir stærstu viðskiptabankarnir fóru á hausinn. Atvinnuleysi jókst til muna næstu mánuði á eftir, verðlag hækkaði og gjaldeyrishöft, vaxtahækkunar, gengisfall krónunnar og upptaka evru var það eina sem að komst í samræðum landsmanna. Gagnrýni á ríkisstjórnina og eftirlitsstofnanir ríkisins var hávær og um tíma voru mótmæli almennings nánast daglegur viðburður. Samtökin „Raddir fólksins“ voru stofnuð undir stjórn Harðar Torfasonar, ljóðskálds og söngvara og stóð hópurinn fyrir opnum mótmælum á Austurvelli í Reykjavík öll

<sup>3</sup> Lína er sú röð sem óeirðarlögreglumenn mynda með því að raða sér upp hlið við hlið til að meina óviðkomandi aðgang starfsvettvangi lögreglu.

<sup>4</sup> Piparúði er efnasamsetning sem lögreglan úðar á fólk sem hlýðir ekki tilmælum hennar. Piparúði inniheldur efni sem eru mjög ertandi fyrir augu, húð og öndunarfæri og valda meðal annars roða og sviða. Einkennin vara yfirleitt stutt, eða í um 20-30 mínútur en geta varað dögum saman (Eitrunarmiðstöðin, 2008).

laugardagssíðdegi frá bankahruninu og jókst fjöldi þátttakenda jafnt og þétt. Þann 22. nóvember bar hins vegar til tíðinda í aðgerðum mótmælenda þar sem hópur mótmælenda safnaðist saman fyrir utan lögreglustöðina á Hverfisgötu í þeim tilgangi að krefjast lausnar „Bónusflaggarans“. Fólkið áleit að hann hefði verið færður þangað vegna þátttöku sinnar í mótmælum 10. nóvember 2008 en þá hafði hann dregið bónusfána að húni á Alþingishúsinu<sup>5</sup>. Lítil hluti hópsins skar sig frá öðrum mótmælendum og var lögreglustöðin grýtt af þeim með eggjum og síðar með hlutum sem orsökuðu það að rúður brotnuðu í húsinu. Ennfremur réðst fámennur hópur mótmælenda að lögreglustöðinni og braut sér leið í gegnum fremstu dyr hennar en lögreglan beitti piparúða gegn hópnum áður en hópurinn næði að brjóta upp seinni dyrnar (Gísli Jökull Gíslason, 2008).

Alvarleg mótmæli urðu svo við Hótel Borg á gamlársdag 2008 þegar hópur mótmælenda gerði aðsúg að byggingunni þar sem útsending Stöðvar 2 á umræðuþættinum Kryddsíld stóð yfir. Mótmælendur eyðilögðu tækjabúnað Stöðvar 2 og starfsmenn bæði Hótel Borgar og Stöðvar 2 urðu fyrir meiðslum vegna mótmælanna. Í þessum átökum slasaðist lögreglumaður er grjóti var kastað í átt til hans með þeim afleiðingum að hann kinnbeinsbrotnaði. Alvarleiki beinbrots lögreglumannsins fékk litla sem enga umfjöllun í fjölmiðlum og athygli vakti að þegar þáverandi forsætisráðherra, Geir H. Haarde, tjáði sig um atburðina sem urðu á Hótel Borg í fréttum Stöðvar 2, þriðjudaginn 6. janúar minntist hann engu orði á hinn slasaða lögreglumann (Snorri Magnússon, 2009a).

Það var hinn 20. janúar 2009 er alþingi íslenska lýðveldisins kom saman til fundar eftir jólaleyfi sem mótmælendur flyktust á Austurvöll til að láta í ljós vantraust sitt á ríkisstjórn landsins. Samkvæmt fréttum Morgunblaðsins voru um 2000 manns saman komin upp úr hádegi þann dag og þegar kvöldi tók voru þar um 5-6 þúsund manns (Una Sighvatsdóttir og Anna Sigríður Einarsdóttir, 2009). Fólkið mótmælti setu ríkisstjórnarinnar með því að slá í potta og pönnur með sleifum og var hávaðinn sem það skapaði það mikill að ekki heyrðist mannsins mál inni á þinginu. Í kjölfarið eru mótmæli þessi oft kennd við búsáhöld og í almennu tali gjarnan kölluð búsáholdabyltingin.

Einkennisklæddir lögreglumenn settu upp borða fyrir framan alþingi þegar fólkið fór að streyma að en þeir voru fljótt rifnir niður af borgurunum. Fólkið virti þar með ekki lokunarborða lögreglu né heldur varð það við fyrirmælum hennar um að svæðið framan við alþingi væri þeim lokað. Mótmælendur fóru inn fyrir línuna sem borðunum var ætlað að mynda og voru lögreglumennirnir þá umkringdir og einsýnt var að fólkið ætlaði sér ekki að

---

<sup>5</sup> Maðurinn hafði hins vegar verið settur í fangelsi til afpánunar vararefsingar vegna sektar (Gísli Jökull Gíslason, 2008).



bakka frá Alþingishúsinu þrátt fyrir ítrekuð tilmæli lögreglumanna. Voru þá kallaðir til flokkar aðgerðarsveitar lögreglunnar<sup>6</sup> til að ná tökum á ástandinu og koma fólkinu frá húsinu. Aðgerðarsveitin tók sér stöðu fyrir framan Alþingishúsið með stóra óeirðarhjalma og skildi sér til hlífðar. Mótmælendur tóku þá að beina reiði sinni gegn lögreglu og voru lögreglumenn ítrekað grýttir meðal annars með grjóti, eggjum, hveiti og flöskum. Mótmælin héldu áfram fram á nóttina með sama hávaða og látum. Oslóarjólatrið sem stóð á Austurvelli var fellt af mótmælendum og kveikt var í því. Einnig báru mótmælendur setbekki sem Reykjavíkurborg var eigandi að á bál sem kveikt höfðu verið víðsvegar um svæðið. Um miðja nóttina hlýddi fólkið fyrirmælum lögreglu og hélt heim (Kvöldfréttatími Stöðvar 2, 21, janúar 2009).

Að morgni miðvikudags 21. janúar voru mótmælendur aftur mættir niður á Austurvöll og grjótkast þeirra hélt áfram. Lögreglumennirnir mættu einnig og tóku sér stöðu framan við Alþingishúsið í línu en sjá mátti á útgangi þeirra að ekki hefði gefist tími til þess að þrifa fatnaðinn eftir atganginn daginn áður. Hundruð mótmælenda tóku sér einnig stöðu við stjórnarráðið og varð lögreglan að vernda þáverandi forsætisráðherra, Geir H. Haarde fyrir árásum nokkurra mótmælenda. Lögreglan var hér með orðin tákngervingur stjórnvalda. Fréttir bárust af því að mótmælendur hefðu mætt með saur og þvag í poka í þeim tilgangi að grýta þeim í lögreglu. Eldar voru kveiktir og lætin héldu áfram. Fólk hélt áfram að slá í potta og pönnur og taktfastur bumbusláttur ómaði um svæðið (Anna Sigríður Einarsdóttir og Rúnar Pálmason, 2009 og kvöldfréttatímar Stöðvar 2, 21. og 22. janúar 2009.).

Þegar kvöldi tók fór að bera á nýjum hópi mótmælenda, þegar hinn almenni mótmælendi yfirgaf svæðið tóku brotamenn og aðrir óeirðarseggir að berast að. Aðsúgur mótmælenda að lögreglu varð harðari. Mótmælendur dreifðust um miðbæinn, en mikill meirihluti mótmælenda hafi fært sig yfir í Þjóðleikhúskjallarann þar sem Samfylkingarmenn funduðu. Á þeim tíma hafði fækkað í liði lögreglunnar og þegar mótmælendur bar að alþingi á ný upphófust mikil átök á milli lögreglu og mótmælenda. Um tíma höfðu mótmælendur króað lögregluna inni þar sem hún gat sér enga björg veitt. Þegar hér var komið var ákveðið að beita tárugasí<sup>7</sup> gegn mótmælendum. Tvístruðust mótmælendur þá en þegar þeir höfðu náð sér að mestu eftir gasið hópuðust þeir aftur saman gegn lögreglu. Seinna um nóttina fjöruðu

<sup>6</sup> Þeir lögreglumenn sem skipa aðgerðasveit lögreglunnar eru með sér-þjálfun í mannfjöldastjórnun og hafa stundað æfingar sem búa þá bæði undir lögleg mótmæli og mótmæli sem fara úr böndunum.

<sup>7</sup> Táragas inniheldur efni sem hafa meira ertandi áhrif en piparúði en einkennin líða fljótt hjá þegar einstaklingur kemst burt frá menguninni. Lögreglan notar táragas til að hafa hemil á fólki sem hlýðir ekki við fyrirmælum hennar en notkun þess er mun sjaldgæfari en notkun piparúða (Eitrunarmiðstöðin, 2008).

þó mótmælin út fyrir framan Alþingishúsið og mótmælendur héldu heim (Una Sighvatsdóttir, 2009).

Um svipað leyti og lögreglan var að verða undir við Alþingishúsið stóðu átta lögreglumenn aðgerðarsveitarinnar vörð um stjórnarráðið og voru þeir látlaust grýttir af mótmælendum. Í þeim aðförum mótmælenda slasaðist lögreglumaður alvarlega þegar gangstéttarhellu var hent í óeirðarhjálms hans með þeim afleiðingum að hann rotaðist. Hinum almennu mótmælendum sem staðið höfðu hjá og horft á aðfarir hinna herskáu mótmælenda<sup>8</sup> var hér með nóg boðið og tóku þeir sér stöðu fyrir framan lögreglumennina þeim til varnar (Kvöldfréttatími Stöðvar 2, 22. janúar 2009).

Eftir þessa nótt breyttist viðhorf almennings til lögreglunnar sem og umfjöllun fjölmiðla um mótmælin. Stofnuð voru samtök sem börðust gegn ofbeldi gegn lögreglumönnum og báru þeir sem vildu tilheyra þeim hópi appelsínugula borða. Þann 22. janúar fóru samskipti mótmælenda og lögreglu friðsamlega fram og voru lögreglumönnum meðal annars færð blóm. Um kvöldið birtist í Kastljóspætti ríkissjórvarpsins viðtal við eiginkonu lögreglumanns sem átti mikinn þátt í því að breyta ímynd almennings á lögreglunni og svo virtist sem fólk áttaði sig á að lögreglumenn væru bara manneskjur eins og við hin að sinna starfi sínu eins og þeim bauð að gera. Það slösuðust að minnsta kost sjö lögreglumenn í mótmælunum í lok janúar 2009, sumir alvarlega. (Snorri Magnússon, 2009b).

---

<sup>8</sup> Almennur mótmælendi er friðsamur og mótmælir á löglegan hátt en hinir herskáu mótmælendur eru þeir sem fara yfir strikið meðal annars með ofbeldi og ólátum.

## 2. Aðferðafræði

Vinnan við ritgerðina hófst í lok janúar 2009 og henni lauk í apríl 2009. Í þessum hluta ritgerðarinnar verður fjallað um rannsóknaraðferðina sem var beitt í rannsókninni. Gerð verður grein fyrir gagnaöflun, skráningu gagna og úrvinnslu, vali á þátttakendum og takmörkunum rannsóknarinnar.

### 2.1. Rannsóknaraðferðin

Rannsóknin byggir á eigindlegri rannsóknaraðferð. Eigindleg rannsóknaraðferð er lýsandi og við notkun hennar er engin tilgáta lögð fram sem síðan skal styðja eða sanna heldur er lögð áhersla á að skilja aðstæður, sýnir og hugsanir fólks á líf sitt og aðstæður. Til eigindlegra rannsókna teljast meðal annars opin viðtöl sem veita miklar upplýsingar á skömmum tíma.

Í bók sinni *Qualitative methods in social research* greinir Kristin G. Esterberg þrjár ólíkar tegundir viðtala: stöðluð viðtöl (*e. structured interviews*) sem eru formleg viðtöl þar sem rannsakandi/spyrjandi leggur fyrir viðmælenda sinn fyrirfram ákveðnar spurningar sem hann óskar svara eftir og forðast frávik frá þeim spurningum. Næst greinir Esterberg hálfstöðluð viðtöl (*e. semistructured interviews*) sem eru mun sveiganlegri en hin stöðluðu. Í hálfstöðluðum viðtölum er rannsakandi/spyrjandi með fyrirfram ákveðnar hugmyndir að spurningum sem leiða samtalið áfram og veita honum þær grunnupplýsingar sem hann vill að komi fram. Hann leyfir hins vegar viðmælenda sínum að stjórna framgangi viðtalsins með það markmið fyrir augum að hann tjái sig opinskátt um efnið og tjái skoðanir sínar og hugmyndir með eigin orðum. Óstöðluð viðtöl (*e. unstructured interviews*) er síðasta tegund viðtala sem Esterberg greinir og af þessum þremur tegundum líkjast þau helst venjulegum samræðum einstaklinga. Þau einkennast af því að rannsakandi/spyrjandi hefur engar fyrirfram ákveðnar spurningar og umræðuefnið ræðst algerlega af aðstæðum hverju sinni (Esterberg, 2002).

Í rannsókninni var notast við hálfstöðluð viðtöl en rannsakanda þótti þau henta einkar vel í ljósi þess hve hulinn heimur lögreglunnar er þeim sem ekki eru beinir þátttakendur í honum. Með þessu móti gafst rannsakanda tækifæri til að skilja upplifun hvers viðmælenda og komast nær því hvaða merkingu hver og einn setur í atburði. Viðtölin voru því óformleg og yfirleitt líkari venjulegu samtali en viðtali og með hverju viðtali mynduðust nýjar spurningar og hugmyndir.

Markmið rannsakanda er að opna viðfangsefnið, að kortleggja rannsóknarspurningar fremur en að svara spurningum. Niðurstöðurnar hafa ekki alhæfingargildi en þær gáfu

rannsakenda tækifæri til að sjá sjónarhorn fólksins sem fjallað er um, gera grein fyrir ákveðinni atburðarrás eins og hún átti sér stað frá þeirra sjónarhorni.

## 2.2. Þátttakendur, framkvæmd og úrvinnsla

Þátttakendur í rannsókninni eru fimm lögreglumenn, allir meðlimir í aðgerðarsveit lögreglunnar, sem stóðu í fremstu víglínu fyrir framan Alþingishúsið í janúarmótum. Þeir eru á ólíkum aldri og hafa þar af leiðandi mismilgangan starfsaldur. Sæmundur hefur lengstan starfsaldur viðmælenda, Helgi er með starfsaldur á bilinu fimm til tíu ár en Þórður, Skúli og Eiríkur eru allir með rúmlega tíu ára starfsaldur. Þeir eru af báðum kynjum en ekki var merkjanlegur munur á niðurstöðum rannsóknarinnar eftir kynjum og verður því fjallað um alla viðmælendur rannsóknarinnar í karlkyni til að vernda hagsmuni þeirra og til að þeir verði síður þekktanlegir. Nöfnin sem hér koma fram eru dulnefni sem búin eru til í sama tilgangi. Öðrum persónuupplýsingum verður haldið leyndum en þó verður síðar umfjöllum um börn viðmælenda og þar óljóst vegið að fjölda barna þeirra. Þar að auki ræddi rannsakandi við aðgerðarstjórnendur mótmælanna sem gáfu innsýn í aðferðafræði lögreglunnar á hinum róstudu tímum.

Til að framkvæma rannsóknina varð fyrst að fá formlegt leyfi hjá lögregluþingmönnum til að taka viðtöl við lögreglumenn um upplifun þeirra af mótmælunum. Leitaði rannsakandi til Stefáns Eiríkssonar lögreglustjóra með það erindi og tók hann vel þeirri beiðni og var ánægður með samstarf við Háskóla Íslands hvað þetta varðaði. Rannsakanda voru engin takmörk sett af lögregluþingmönnum og fékkst heimild til að tala við hvern þann sem hann taldi geta gefið góða sýn á mótmælin. Hið næsta var að tala við aðgerðastjórnendur mótmælanna og var það gert í byrjun mars 2009. Það var hjá aðgerðastjórnendum sem rannsakandi fékk upplýsingar um viðmælendur rannsóknarinnar og fékk aðstoð þeirra við val á þeim til að auka fjölbreytni, ólík viðhorf og sýn í viðtölum. Við val á þátttakendum leitaðist rannsakandi við að hafa sem breiðastan hóp, konur og karla, unga sem aldna, yfirmenn og undirmenn, almenna lögreglumenn og rannsóknarlögreglumenn.

Stefnan var í upphafi að hafa snjóboltaúrtak sem felst í því að hver viðmælandi bendir á annan en bæði vegna knappis tímaramma og þess að rannsakandi vildi tala við einstaklinga sem höfðu mikið verið í fremstu víglínu var þessi háttur hafður á.

Gögn rannsóknarinnar felast í fimm viðtölum sem fóru fram í mars 2009. Viðtölin voru öll tekin á vinnustað viðmælenda til að auka öryggiskennd þeirra og einnig þeim til hagræðingar og þæginda. Lengd viðtala var frá 40 mínútum upp í rúma klukkustund. Í viðtölum var stuðst við spurningalista sem rannsakandi hafði sett saman og forþróað á

lögreglumanni sem einnig er í aðgerðarsveit lögreglunnar. Með forprófuninni fengust upplýsingar sem rannsakanda hafði ekki hugkvæmst að spyrja út í. Spurningalistinn hafði að geyma ákveðin umfjöllunarefni en að öðru leyti voru viðtölin opin og eðlilegu flæði samtals leyft að halda sér. Spurningalistinn var yfirfarinn og lagfærður eftir hvert viðtal eins og þörf var á til að fylla upp í gloppur í gögnunum.

Viðtölin voru tekin upp með samþykki viðmælenda og síðar sett á tölvutækt form. Þau voru marg lesin og greind. Gögn til athugunar fyrir niðurstöður voru 79 blaðsíður. Viðtölin voru innihaldsgreind, þemu afmörkuð og skilgreind.

Farið var með öll gögn af miklum trúnaði og enginn nema rannsakandi og leiðbeinandi hans fóru um þau höndum. Þátttaka viðmælenda var að fúsum og frjálsum vilja og voru allir viðmælendur upplýstir um tengsl rannsakanda við lögregluna fyrir upphaf viðtals.

Augljóslega er ekki hægt að heimfæra skoðanir sem fram koma í þessari rannsókn yfir á alla lögreglumenn og alhæfa þannig skoðanir fárra einstaklinga yfir á fjöldann. Einnig þarf að taka tillit til þess að rannsakandi er náinn aðstandandi lögreglumanns og getur því verið hlutdrægur vegna eigin upplifunar.

### 3. Niðurstöður

Eftir bankahrunið síðla árs 2008 hefur mikið mætt á lögreglu landsins. Stöðug mótmæli vegna þess fjárhagsvanda sem blasir við landsmönnum, jafnt lögreglumönnum sem og öðrum, auk óvissu um framtíðina og spilling ýmiss konar eru daglegt brauð.

Sú stilling sem lögreglumenn hafa jafnan sýnt við erfiðar aðstæður frá bankahrununu hefur vakið mikla athygli og aðdáun margra borgara þessa lands og ekki síst sú stilling sem þeir lögreglumenn sem voru í eldlínunni sýndu í mótmælunum við alþingi í janúar 2009. Þessir menn skipa aðgerðarsveit lögreglunnar. Aðgerðarsveitin, eða óeirðalögreglan eins og talað er um hana í almennu tali, hefur verið starfandi frá árinu 2002. Það sem aðskilur óeirðasveitina frá venjulegum lögreglumönnum eru óeirðaæfingar og svo búnaðurinn sem þeir hafa.

Búnaður þeirra samanstendur af óeirðagalla, brynjum, óeirðahjálmi, gasgrímu, skildi og langri kylfu. Mótmælin voru í raun hættulegri þeim almennu lögreglumönnum sem voru á vettvangi eða eins og Sæmundur sagði. „Ég hafði miklu meiri áhyggjur af hinum sem komu okkur til aðstoðar því við höfum þannig búnað að við komum kannski ekki til með að slasast mikið. Maður var mikið hræddari um félagana sem komu þarna, minna varðir og höfðu ekki þá þjálfun sem að við höfum“.

Í mótmælunum kom berlega í ljós hve faliðuð óeirðalögreglan er miðað við þær aðstæður sem þeir þurftu að takast á við. Vinnutarnirnar voru mjög langar og við erfiðar aðstæður sem mennirnir höfðu litla reynslu af. Hvíldirnar á milli tarna voru stuttar og fáar og dæmi eru um að menn hafi sofið í alþingiströppunum þegar tækifæri gafst til.

#### 3.1. Aðferðafræði lögreglunnar eftir bankahrún

Aðgerðastjórnendur mótmælanna lögðu grunninn að skilningi rannsakanda við þá aðferðafræði sem lögreglan lagði upp með frá upphafi bankahrunsins.

Þegar þetta byrjaði þá var að koma kreppa og við sátum fram á að landslagið gæti farið að breytast eitthvað hjá okkur og við gætum farið að fást við fólk sem væri örvinglað og væri að tapa sínu. Það var tekin ákvörðun hjá yfirstjórninni að við ætluðum að vera mjúkir sko, að við ætluðum að vera mjúkir og tillitssamir. Svo er annað sem skiptir máli líka að þetta gerðist með litlum fyrirvara og þá voru við oft fámennir og þá þurfum við að sjá fram á að geta klárað það sem að við vorum komnir út í líka.

Þessi aðferðafræði var ríkjandi eftir bankahrunið og hélst í raun í gegnum öll mótmælin og í árekstrum lögreglu og mótmælenda. Í janúarmótmælunum virðist hugmyndin einnig hafa

verið sú að þreyta mótmælendur, vera mjúkir og tillitssamir, sveiganlegir og þolinmóðir. Leyfa mótmælendum að fá útrás fyrir reiði sína og vonast til þess að þeir myndu þá láta sér nægja að hella úr skálum reiði sinnar. Það var í ljósi þessa sem fólk fékk að grýta Alþingishúsið svo til óáreitt „...það var í rauninni betra að leyfa fólki að grýta Alþingishúsið með eggum og öðru heldur en að fara út í handtökur sem sæist ekki alveg fyrir endan á, það var skárri kostur að láta hreinsa húsið á eftir“. Það voru hins vegar ekki allir lögreglumenn á eitt sáttir við þessa aðferðafræði eins og fram kemur í ummælum Sæmundar.

Ég skildi hana (aðferðafræðina) en það voru margir lögreglumenn sem áttu mjög erfitt með að skilja hana. Í fyrri hlutanum af þessu þá vorum við alltaf með svokallað „briefing“ eftir atburði og maður fann mikla óþolinmæði hjá þeim, þeir vildu hjóla í liðið og skildu ekki alveg þessa hugmyndafræði að þreyta liðið.

Skúli sagðist framan af hafa verið mjög ósammála þessari aðferð þó svo að hann skildi hvað stjórnendur hans voru að fara. „Ég skildi þetta en ég var ekki sammála þessu“ sagði hann. Honum þóttu stjórnendur lögreglunnar leyfa fólki að komast upp með of mikið og tók hann það sem dæmi þegar fólk stormaði inni alþingi og truflaði þingstörf og beitti stjórnarskránni fyrir sig. „Það segir í stjórnarskránni að alþingi er friðhelgað, það má ekkert raska störfum þingsins“.

Skúli hafði mjög ákveðna skoðun á þessu máli og viðhorf hans um linkind og undanlátssemi lögreglunnar gagnvart þeim sem brutu lög eða veittust að lögreglumönnum með ónotum barst oft í tal. Hann líkti aðdraganda mótmælanna og því sem þar gerðist við barnauppleði.

Sko, þetta er svona eins og að ala upp krakka. Ég sá þetta fyrir mér eins og uppeldi á óþekktum krakka. Honum var alltaf hleypt einu skrefi lengra eins og litlir prakkarar gera, fara alltaf eitt skref og sjá hvort að þeir komast upp með það og ef þeir komast upp með það þá hlýt ég að mega taka annað skref en svo sprakk þetta allt.

Þórður hafði svipaðar hugmyndir því honum þótti leikreglur mótmælanna óljósar, skilaboðin um hvernær mótmælendur færu yfir strikið. Hans skoðun var sú að lögreglan hefði strax átt að setja niður ákveðnar línur, upplýsa almenning um þær og halda sig við þær.

Mér finnst það sjálfum að lögreglan hefði átt að taka þá stefnu strax í upphafi hvað mátti og hvað mátti ekki og fylgja þeirri línu. Mér finnst menn hafa bara verið að sveigja dag frá degi, leyfa þetta í dag og ekki á morgun og hlaupa bara eftir því hvernig aðstæðurnar voru í staðinn fyrir að segja bara, þetta er það sem að við ætlum að gera og við höldum okkur alveg við það, hvað sem gengur á.

Það hefði átt að marka strax hvað mátti ekki og gefa þær upplýsingar strax til fólksins, við ætlum að leyfa ykkur þetta en ekki þetta þannig að almenningur vissi strax í upphafi hvað lögreglan ætlaði sér ef að fólk gengi of langt.

Helgi benti þó réttilega á að það væri engin þekking á viðbrögðum innan lögreglunnar við svona atburðum þar sem að síðustu óeirðir á Íslandi hefðu verið árið 1949 við inngöngu Íslendinga í NATO.

Þetta var rosalega nýtt fyrir bæði lögreglumenn og stjórnendur hérna í húsinu en mér fannst þeir gera allt eftir sinni getu og þekkingu til þess að ráða við þessi mótmæli, en auðvitað létum við ýmislegt yfir okkur ganga. Auðvitað voru lögreglumenn ósáttir við að verið væri að berja í þá og skildina og kasta flugeldum og steinum í þá. Í útlöndum hefði þetta eflaust ekki verið liðið.

Helgi taldi þó að lögreglumennirnir og stjórnendurnir hefði lært mikið á þessu verkefni en velti því þó fyrir sér hvort hægt hefði verið að fara út í einhverjar aðgerðir þar sem fyrir framan þá hefðu staðið nokkur hundruð manns, hvort að þeir hefðu ekki bara fengið skarann á sig.

Viðmælendurnir höfðu allir fullan skilning á því að þeir sjálfir hefðu verið allt of fámennir til að takast á við svo stóran hóp mótmælenda ef upp úr syði. Eiríkur sagði þá allflesta hafa vitað hve vandmeðfarið og viðkvæmt ástandið væri og þótti honum aðferðafræði lögreglunnar um að vera rólegir, sniðug. Sérstaklega þótti honum hún sniðug að því leitinu að hún hafi orðið þeim miklu meira til tekna eftir á.

Menn eru alltaf að horfa til útlanda en við erum Ísland. Við erum mjög lítil þjóð, við erum ekki ofbeldisfull þjóð. En náttúrulega voru allir rosalega hræddir um hvað væri í gangi, bara þjóðin og náttúrulega ég líka, ég meina ég er með mín erlendu lán og auðvitað stóð manni ekkert á sama.

Eiríkur minntist einnig á þá staðreynd að enginn hefði slasast í viðskiptum við lögregluna, það hefði komið upp eitt mál þar sem einn sagðist hafa handleggsbrotnað en svo hefði ekkert komið meira um það. „Hvar annarsstaðar í heiminum hefði það gerst?“ spyr hann.

### **3.2. Upplifun lögreglumanna af mótmælunum í janúar 2009**

Áreitið sem lögreglumennirnir urðu fyrir á þessum þremur dögum sem mótmælin stóðu sem hæst var gífurlega mikið. Samkvæmt viðmælendum var stöðugt verið að ýta og sparka í þá, stanslaust verið að berja pottum og pönnum fyrir framan þá og hávaðinn var það mikill að þó þeir væru með talstöðvarhnapp í eyranu og eyrnatappa í hinu þá heyrðu þeir varla í



talstöðunum og það þó þeir væru með óeirðahjálminn á höfðinu. Hið andlega áreita var gífurlegt og þeir neyddust til að sitja undir því svo dögum skipti.

Orðið óeirðir eru gjarnan notað yfir það sem gerðist í mótmælunum í janúar, þar sem fjöldi fólks kom upphaflega saman til að sýna samstöðu og koma þeim skilaboðum til ríkisstjórnarinnar að óánægja væri með störf hennar. Þar sem hlutverk lögreglu er að starfa samkvæmt lögum og framfylgja þeim tók hún sér stöðu fyrir framan Alþingishúsið. Margir litu á lögregluna og veru þeirra þarna sem ógn við fólkið í landinu og fljótlegu snérust mótmælin að miklu leyti að lögreglunni fremur en ríkisstjórninni.

Upplifun lögreglumanna af mótmælunum er jafn ólík og þeir eru margir. Þeir lögreglumenn sem voru þátttakendur í þessari rannsókn voru allir í fremstu víglínu þessa þrjá daga sem mótmælin stóðu. Þeir höfðu mismunandi hlutverkum að gegna, sumir voru yfirmenn og aðrir undirmenn á vettvangi.

Sæmundur segist hafa lent í öllu sem hægt er að lenda í í lögreglunni og að hann taki hlutina voðalega lítið inn á sig, að þeir fari í raun í gegnum hann og telur hann því upplifun sína af mótmælunum kannski vera öðruvísi en þeirra sem yngri eru.

Eftir á að hyggja var þetta mjög svipað og maður væri í réttum, það var ákveðin hjarðhegðun. Maður varð alveg var við það að ef það byrjuðu einhver læti einhversstaðar þá færðist allur þunginn þangað. Lítill hópur sem hafði hátt og hafði sig frammi, hann teymdi alla hina á eftir sér. Þar á ég bæði við mótmælendur, ákveðna stjórnámálamenn og fjölmiðla. Þessi hjarðhegðun var mjög augljós sko og ég get nefnt eitt dæmi að það var lögreglumaður á myndavélum, hann var að fylgjast með bílainnkeyrslunni á bak við alþingi niðri kjallara og kallaði: Það eru menn að ráðast þarna inn. Það voru tveir lögreglumenn þarna niðri og það hlupu fjórir óeirðasveitarlögreglumenn frá framhliðinni að húsinu á bakvið og þá tæmdist Austurvöllur. Þarna fór óeirðalöggan og það hlaut að vera eitthvað að gerast af því að þeir fóru. Við lærðum kannski svolítið af þessu og eftir þetta fórum við að læðast.

Aðspurður um upplifun sína af mótmælunum sagðist Eiríkur fyrst hafa fundið til ónota yfir þeirri aðstöðu sem hann var kominn í en síðan hefði honum orðið skítsama um hvað myndi koma fyrir sig.

Maður var náttúrulega bara þínu smeykur þarna fyrst, vegna þess að maður náttúrulega sá ekkert eða neitt svoleiðis, en svo þegar leið á kvöldið þá var manni skítsama. Sjónsvið þitt var bara mengað af málningu og drullu, þú bara stóðst þarna og það var verið að grýta yfir þig sprengjum, grjóti og glasi. Þetta var náttúrulega óþægilegt fyrst þegar maður fór þarna í línuna og það var verið að negla í þig og þú sást ekkert hvað var í gangi, síðan einhvernvegin þegar líður á og meira er búið að gerast, eins og þegar ráðist var að okkur eða veist að okkur með einhverjum prikum eða reynt að losa upp ræsi fyrir framan okkur til

að reyna að grýta í okkur, þá var þér bara einhvernvegin skítsama, skítsama um þig, að þú myndir meiða þig. Þú varst næstum kominn í þann „filing“ að þú treystir gallanum svona næstum því og treystir félögunum svona næstum því líka.

Eiríkur virðist hér hafa lokað sig frá aðstæðum, hann áttaði sig á alvarleika aðstæðanna en þar sem að bjargir hans og úrræði voru svo fá gaf hann sig á vald aðstæðum og spennu og hætti að hugsa um hvað gæti komið fyrir hann.

Almennt kváðust viðmælendur þó ekki hafa verið hræddir þegar þeir stóðu andspænis þúsundum manna sem margir hverjir gerðu aðsúg að þeim, hentu að þeim matvælum, flöskum og flugeldasprengjum. Skúli sagðist til að mynda aldrei hafa verið hræddur þar sem þreyta og spennutilfinning hefðu yfirgnæft allt annað.

Skúli var sá eini sem beinlínis tjáði vonbrigði sín yfir hegðun fólksins.

Ég fann fyrir mikilli sorg og undrun á þessari hegðun fólks almennt. Það var nú bara mjög lítill hópur af fólki sem var að skemma og eyðileggja og stofna til leiðinda en hvernig allt hitt fólkið fylgdi með fannst mér bara sorglegt að upplifa, bara venjulegt fólk missti sig í einhverri geðveiki þarna sko.

Aðfaranótt miðvikudags, nóttina eftir fyrsta dag mótmælanna, var mikið af fólki í miðborginni og eins og einn viðmælandi sagði þá fannst honum það fólk sem tók þá þátt ekki líta út fyrir að hafa miklar áhyggjur af þjóðfélagsmálum eða vera að berjast fyrir líf skjörum sínum. Frekar hafði þetta verið mikið yngra lið heldur en hafði mótmælt daginn áður. Sæmundi fannst þetta vera orðið hálf gert bull þá um nóttina. „Nóttina sem jólatréð var brennt var þetta orðið hálf gert bull, bara karnivalstemmning, liðið var að dansa og tralla, bara hrikalega gaman“. Svipað viðmót kom fram hjá Eiríki en að hans sögn snérist mótmælin bara upp í einhverja fyllersíssamkomu „...þetta var búið að missa marks þegar venjulega fólkið fór heim til sín og lýðurinn kom niðureftir, þá var bara kominn partýfilingur þarna, bara verið að skemma og meiða“.

### 3.2.1. Mótmælendur – upplifun lögreglu

Um heim allan hafa það gjarnan verið stúdentar sem hafa efnt til mótmæla og komið af stað þjóðfélagsbreytingum. Það var þó ekki raunin með þessi mótmæli þar sem ekkert sérstaklega fór fyrir afli stúdenta. Samkvæmt einum viðmælenda voru þeir bara hluti mótmælenda. Sýn Sæmundar á mótmælendum var sú að þeir væru að mestu fólk sem kreppan hefði fyrst haft efnahagsleg áhrif á.

Eins og við sáum þetta þá var þetta mikið ungt fólk, ákveðið svona fólk sem hefur kannski verið í neðri stigum þjóðfélagsins, svona efnahagslega, sem kreppan bitur fyrst á. Fólk sem fannst það þurfa að mótmæla einhverju og svo vil ég meina það að það var ákveðin pólitík í þessu líka. En maður sá ekki stórkaupmenn þarna og fólk sem átti mikið af peningum. Þeir sem áttu minna efnahagslega og fjárhagslega, þeir komu þarna frekar en þeir sem áttu nóg á milli handanna.

Þórður hafði svipaða upplifun af mótmælendum.

Mín upplifun er sú að flest af þessu var fólk sem var annað hvort búið að missa atvinnu sína eða ungt fólk sem hafði kannski minni stefnur orðið og minni hugmyndafræði, s.s. búið að móta sér fast, var svona á reki og var ekkert sammála stjórnvöldum, því sem að þeir voru að gera. En svörin frá þeim voru kannski heldur ekki nógu skýr frá þeim til almennings, hvað var í gangi, mér fannst það sjálfum allavega. Þetta var fólk á öllum aldri sem var þarna, svo bættist bara í þegar leið á, þá voru þessir brotamenn sem við vorum að fara að sjá, sem við höfum verið að hafa afskipti af. Þeir komu ekki fyrr en seinna, fyrr en um kvöldið. Brotamaður hann lifir í myrkri næturinnar, ekki í dagsljósinu.

Skúli, Eiríkur og Helgi lýstu mótmælendum í meginatriðum á svipuðum nótum en þó var misjafnt í hve marga og ólíka flokka þeir skiptu þeim. Skúli skipti mótmælendum í fjóra hópa.

Venjulega borgara sem taka þátt í þessu, mótmæla ástandinu sem er sjálfsagt, eðlilegt. Svo voru þarna atvinnumótmælendur eða þeir sem að mættu þarna og stóðu fyrir þessu, kynntu upp æsing og vesen en voru samt ekki með neitt ofbeldi, þeir sem voru að mótmæla þarna með hörðum orðum. Svo voru þessir sem að mér virtust ekki hafa neitt erindi þarna annað en að skemma og meiða og svo náttúrulega þessi litli kjarni sem var mjög agresívur, þessir svartklæddu sem mótmælendur sjálfir kölluðu anarkistana.

Eiríkur skipti fólkinu sem kom saman á mótmælunum í tvo hópa, mótmælendur sem hann sagði vera hið besta fólk og svo lýð sem að kom á nóttunni og Helgi tók í svipaðan streng og talaði um friðsama mótmælendur og svo þá sem að einungis virtust vilja vera með leiðindi.

Sæmundur sagðist alls ekki hafa upplifað það sem svo að mótmælendur væru að ráðast á hans persónu sérstaklega né þeirra sem stóðu vaktina fyrir utan Alþingishúsið með honum.

Þeir voru að ráðast að kerfinu og ég upplifi það kannski þannig að þeim fannst við vera að standa á milli þeirra og kerfisins, við vorum að verja heilt kerfi, það er það sem að við fengum að heyra. Við áttum að stíga frá og áttum að taka þátt í byltingunni með þeim. Sko, það var ekki það að þau væru að ráðast á okkur sem einstaklinga, frekar að þeir voru að ráðast að lögreglunni sem slíkri, að hún stæði gegn fólkinu.

Þó voru það sumir einstakir mótmælendur sem að voru komnir úti persónuníð gagnvart lögreglumönnunum. Samkvæmt Helga voru „...nokkrir í hópnum sem að reyndu að ögra lögreglunni talsvert, vildu spila inná það að lögreglan myndi láta til skara skríða og berja þá.“

Sæmundur sagði löngunina meðal stjórnenda til að ljúka mótmælunum og ryðja frá Alþingishúsinu hafa togast á við þá vissu að þeir voru að fást við samlanda sína sem margir hverjir voru að missa peninga og húsin sín og því kannski bara í örvængingu og þar af leiðandi oft fylgt straumnum. Flestum viðmælendurnir litu sem svo á að fáir einstaklingar hefðu í mótmælunum teymdt aðra með sér í hluti sem að þeir undir öðrum kringumstæðum hefðu látið liggja í láginni.

Sæmundur telur að skoðanir margra mótmælenda hafa verið þær að allt sem frá alþingi hefði komið væri slæmt og að upplifun fólksins hefði þá kannski verið sú að þeir væru vondu mennirnir sem voru að verja alþingismennina. „Við vorum kannski að mörgu leyti margir okkar sammála þeim sem að voru hinumegin við línuna, en við áttum að vera hinum megin við línuna“.

Við stöndum frammi fyrir því að þetta er vinnan okkar og við höfum tekið þetta að okkur, hluti af því er að verja lýðveldið, hvaða skoðanir sem að menn hafa á þessu þá er alþingi friðað og okkur er bara falið að verja þetta hús og þá starfsemi sem þar fer fram, sama hversu vitlaus hún getur verið, það er ekki okkar að meta það.

Skúla fannst merkilegt hvernig fólk hreifst með í múgæsingi og látum. Hann vildi því meina að á daginn hefðu tveir hópar mótmælenda oft blandast saman í einn, hinn venjulegi mótmælendi og sá litli hópur mótmælenda sem hann sagði ekki hafa neitt annað erindi en að skemma og meiða. „Þegar litli hópurinn gerði eitthvað þá hvatti fólkið hann áfram“.

Sæmundur taldi ástæðuna vera þá að skoðanir þessa fámenna hóps nálgudust skoðanir þeirra sem voru að mótmæla. Hans skoðun var sú að skemmdarvargarnir hefðu átt samleið

með hinum í einhvern tíma en að svo hefðu leiðir skilið aftur þegar óeirðaseggirnir ofbuðu hinum með ofbeldi og látum í garð lögreglunnar og þá hefðu línurnar á milli mótmælenda tekið að skýrast.

### 3.2.2. Undirbúningur lögreglu fyrir mótmælin

Verkefni aðgerðasveitar lögreglunnar hafa ekki verið mörg en frá upphafi hefur stefnan verið sú að halda sérstakar æfingar að minnsta kosti einu sinni á ári. Sveitin skiptist í nokkra flokka og innan hvers flokks eru átta manns, einn flokksstjóri, einn aðstoðarflokksstjóri og sex undirmenn þeirra. Hlutverk flokksstjórans er að passa sína undirmenn, að þeir fylgi fyrirmælum og fari eftir þeirri aðferðafræði sem er í gangi. Einnig er það hans hlutverk að fylgjast með mönnum sínum og meta það hversu mikið þeir þola í einu og hverja þurfi einfaldlega að taka út og hvíla.

Sæmundur sagðist ekki hafa boðið í mótmælin og lætin sem þeim fylgdu ef ekki hefði verið búið að þjálfa þennan hóp manna sérstaklega til slíkra verkefna, sér í lagi vegna þess hve vaktinar voru langar og hvíldirnar sem mennirnir fengu á milli stuttar. Einnig sagði hann það mikilvægan hluta af þjálfun óeirðalögreglumannanna að þeim sé gert að hlýða öllum skipunum.

Þarna ertu með liði sem er búið að þjálfa í að hlýða alveg út í eitt, það hefur ekki skoðun á hlutunum, gerir bara það sem þeim er sagt. Það er svolítið erfitt með hinn almenna lögreglumann, hann er svolítið sjálfstæður. Mennt þurfa að hafa alveg hrikalega sjálfsstjórn til að halda ró sinni undir svona aðstæðum og það er hluti af þessari þjálfun í þessari sveit, að bíða og hlýða, þetta er bara grundvöllurinn að því að gera þetta.

Aðgerðastjórnendurnir tóku undir þau orð Sæmundar að lögreglumennirnir geri ekkert nema þeim sé sagt að gera það. „Menn nota ekki kylfu nema þeim sé sagt að nota kylfu og ef einhverjir eru kannski að fara að hlaupa útundan sér þá er tekið í öxlina á þeim og hérna vinur ekki lengra, þannig að við höfum mjög mikið taumhald á hver öðrum“. Aðgerðastjórnendurnir sögðust telja að þessi aðferðafræði hefði tryggt að ekki hefði soðið upp úr á milli lögreglu og mótmælenda.

Það kemur fram meðal meirihluta viðmælenda að þeim hafi fundist þeir örugg innan hins átta manna flokkakerfis. Helgi sagðist til að mynda hafa fundist hann öruggur í kringum samstarfsfélaga sína.

Æfingarnar sem sveitin hefur stundað virðast einnig hafa skilað sínu en þó er skoðun nokkurra viðmælenda að flokkakerfið hafi ekki gengið alveg upp sem skildi. Það endurspeglast aðallega í því hve vinnutíminn var langur, hve fáir óeirðalögreglumennirnir eru

og því fáir til að leysa af. Því reyndist oft erfitt að halda flokkunum saman og Skúli sagðist meðal annars ekki hafa fundið fyrir því að flokksstjórinn hans hefði verið að stjórna honum neitt sérstaklega því hann og hópsmeðlimir hans dreifðust stundum á línuna. Eiríkur sagðist einnig hafa orðið viðskila sínum hópi í látunum en þá hefði hann bara fundið einhvern annan til að vera með og svo sameinast sínum hópi aftur síðar.

Undirbúningur sveitarinnar fyrir mótmælin virðist því ekki hafa verið ýkja mikill, eins og Eiríkur lagði áherslu á. Ástæðuna fyrir því sagði hann vera þá að þetta væri ekki hópur sem gerði ekkert annað en þetta, þetta væru menn sem væru í ýmsum deildum innan lögreglunnar.

Í samtali við suma viðmælendur kom upp umræða um ástandið í miðbænum um helgar þar sem fáir lögreglumenn standa frammi fyrir því að þurfa að kljást við drukkið fólk sem oft á tíðum er með mikil læti. Þórður álitur að helgarvaktirnar hafi í raun verið þeim góður undirbúningur fyrir mótmælin og komi af stað ákveðinni hugsun um að ráða við fólk í allskonar ástandi.

Ástandið í miðbænum um helgar er smækkuð mynd af því sem gerðist í mótmælunum, ofbeldi og árásirnar og allt í kringum það. Munurinn er hins vegar kannski sá að um helgar losnar þú við meginþorran á því að vera grýttur. En „taktíkin“ er alltaf sú sama, þú ert með fullt af fólki fyrir framan þig en um helgar ertu minna varinn og við erum fáir niðri miðbæ í einu, við erum kannski tveir og upp í átta í einu með kannski 200 manns á okkur.

Viðmælendurnir voru þó á einu um það að lögreglan hefði ekki verið undirbúin fyrir mótmælin. Helgi vildi meina að það væri aðallega vegna þess hve erfitt væri að kenna þeim viðbrögðin fyrir hvert skipti þar sem aldrei væri vitað hvort mótmælin yrðu venjuleg eða hvort þau myndu leiðast út í ofbeldi og læti. Eiríkur talaði um stigsmun á fyrri mótmælum og þessum.

Það var náttlega búinn að vera smá aðdragandi að þessu, einhverjir með smá Kárahnjúkareynslu en ekkert í líkingu við þetta, svo voru náttúrulega Suðurlandsvegsmótmælin en þau verkefni voru stutt, verkefni sem tóku fljótt af, þetta er maraþon.

Þórður vildi meina að lögreglan í heild sinni hefði ekkert verið undirbúin undir mótmælin þrátt fyrir að þeir hefðu vitað að það yrði margt um manninn á Austurvelli daginn sem alþingi kom saman á ný eftir jólaleyfi. Þó hefðu menn ekki gert sig neitt sérstaklega klára fyrir þennan dag.

Það er hægt að skipta þessu í tvennt, við vorum búnir að æfa flokkarnir innan óeirðarlögglunnar og við skildum hlutverk okkar. Síðan kom stjórnvaldahlutverkið (yfirstjórn lögreglunnar og aðrir yfirmenn) og þeir eru ekkert búnir að æfa með okkur, og vita ekkert út á hvað þetta gengur þannig að það urðu árekstrar. Þeir voru að passa upp á að ganga ekki of langt allan tímann og passa sig að gera sem minnst þannig að almenningur fengi sem bestu myndina af lögreglunni. Ekkert óeðlilegt við það heldur en það getur samt verið óeðlilegt þegar þú ert kominn með fáa menn og þeir fara að gera hluti sem þeir ráða ekkert við. Það var að gerast.

Skúli áleit að þeir hefðu alls ekki verið undirbúnir og þá sérstaklega ekki þegar mótmælin náðu hámarki aðfaranótt fimmtudags, 22. janúar þegar þeir höfðu verið króaðir úti horn við vesturgafli Alþingishússins af fólki sem veittist hart að þeim.

Með þeim orðum sínum á Skúli við þá staðreynd að úrræði lögreglunnar voru ekki mörg, birgðir þeirra af meisi<sup>9</sup> voru nær uppunar þegar það gerist. Samkvæmt Þórði var það vitað strax í upphafi að birgðir lögreglunnar væru ekki nægilega miklar og að ráðstafanir þeirra til að ná í meira meis hefðu ekki gengið upp.

Við vorum að verða innikróaðir með okkar birgðir og eins og seinnipart fyrri dagsins þá vissum við að við áttum ansi lítið eftir og þá var bara komin sú krafa að það mætti alls ekki nota neitt nema bara í algerri nauðvörn sko.

Þórður vildi meina að þess vegna hefði uppbyggingin breyst seinni daginn, og því hefði lögreglan ekki gert neitt seinni daginn. Þeir hefðu bara verið ákveðnir í því að halda línunni og ef að allt færi í bál og brand þá myndu þeir nota meis, í algerri nauðvörn.

Viðmælendurnir vissu þó fæstir að meisbirgðirnar væru litlar fyrr en þeir heyrðu í talstöðinni aðfaranótt fimmtudags 22. janúar að það væru vandræði með að komast yfir meira meis, þeir virtust halda að nóg væri til af því. Sæmundur sagði að mótmælin þessa nótt og dagana áður hefðu verið gjörólík.

Það sem gerðist þá nótt og byrjar að byggjast upp þarna um kvöldið áður er að þá fara að koma inn í hóp mótmælenda glæpamenn. Þarna komu fíkniefnaneytendur, harðir glæpasnúðar sem við höfum verið að vera með í vinnunni, handtaka og annað, þarna sáu þeir sér leið til þess að blanda sér í hópinn, ná sér niður á lögreglumönnum og jafnvel á einstökum lögreglumönnum.

Aðdragandi árásarinnar aðfaranótt fimmtudags 22. janúar varð því á miðvikudeginum. Með aðgerðarleysi lögreglunnar gagnvart þeim sem veittust að þeim þá má ef til vill ætla að ákveðnir einstaklingar hafi lítið svo á að nær allt væri leyfilegt gagnvart lögreglunni. Hættan

---

<sup>9</sup> Meis er tökuorð yfir piparúða.

á því að lögreglan tæki til einhverra aðgerða virtust litlar. Aðfaranótt fimmtudags þegar einungis átta brynvarðir menn stóðu vörð um stjórnarráðið þar sem hópur mótmælenda grýtti þá látlaut var lögreglan mjög fáliðuð. Þórður segir ástæðuna vera þá að þegar mótmælin færðust frá Alþingishúsinu upp í Þjóðleikhúskjallara hefði verið tekin sú ákvörðun að fækka í mannskapnum þar sem margir lögreglumennirnir höfðu verið búnir að vinna nær sleitulaust í 16-30 klukkustundir.

Menn voru ekki með áætlun um hvað gerðist þegar mannskapurinn kom til baka, því við vissum að fólk var að drekka og það var búið að safna grjóti. Menn héldu að þegar fundinum í Þjóðleikhúskjallaranum væri lokið þá færu menn heim en þá er það oft þannig að þeir sem eru erfiðastir sitja eftir, fullir og djarfir og það var það sem gerðist.

Eiríkur var einn þeirra lögreglumanna sem var að vinna aðfaranótt fimmtudags og upplifði angistina sem fylgir því að vera innikróaður af æstum múg og hann segir lögregluna klárlega hafa verið að verða undir á þeim tímamarki. Skúli var einnig fastur við suðurvegg Alþingishússins.

Sko, þegar þetta gerist þá var búið að innikróa okkur, í litla hornið á hliðinni á húsinu þannig að það var enginn tími til þess að vera með áhyggjur. Þú þurftir bara að horfa fram og passa þig sko og ef gasið (táragasið) hefði ekki verið til staðar þá hefði bara kylfan verið eftir.

Eiríkur sagðist hafa hugsað „...bara hvað gerist næst, maður bara sá fyrir sér eitthvað blóðbað. Þegar gasið var búið þá held ég að menn hafi bara verið tilbúnir í hvað sem er, þá voru allar valdbeitingar búnar, kylfan hefði bara verið næsta skref“.

Aðgerðastjórnendurnir fullyrtu að ávallt séu notuð lægstu valdbeitingarstig sem þeir sjái sér fært um að nota. Þeir hafi notað táragas því að það hefði verið það eina sem að þeir hefðu getað gert. „Þetta er vægt úrræði, fólk fer í sturtu og það er jafnheilt aftur, fólk þvær ekki af sér marblettina og beinbrotin þegar það er búið að berja það með kylfu“. Þeir sögðu einnig að einmitt á þessum tímamarki hefði lögreglan nánast verið að lenda undir á vesturgafli Alþingishússins. Það hefði verið þjarmað svo óþyrmilega að þeim og þeir grýttir með hundruðum grjóthnullunga að lögreglumenn hefðu nánast verið komnir að því að flýja.

Og ekki nóg með það heldur var komin reykjarlykt inn í Alþingishúsið, það var búið að hella bensíni á útidyrhurðina, kveikja í henni þannig að það var virkilega þjarmað að okkur úr öllum áttum og menn þurftu bara að halda og bakka hvern annan upp, bara láta sig hafa þetta og við vorum að lenda í mönnum sem ætluðu að fara til baka en var bara ýtt út aftur. Menn voru við það að brotna á þessu augnabliki.



Þórður telur ástæðu þess að hlutirnir gengu eins langt og raun bar vitni hafi verið þá að menn vildu ekki að það endurtækji sig sem gerðist árið 1949, þegar Íslendingar gengu í NATO og mótmæli blossuðu upp á Austurvelli og dreifa þurfti mannfjöldanum með tárágasi. „Ég held að það hafi verið stærsta þælingin, að láta söguna ekki endurtaka sig en við megum ekki hugsa svoléiðis, við þurfum að hugsa, þetta er verkefni sem við þurfum að leysa og hvernig ætlum við að gera það“.

Aðferðafræði lögreglunnar eftir bankahrunið var rólyndisstefna og voru samskipti lögreglu og mótmælenda eftir því. Þátttakendur rannsóknarinnar voru flestir sammála því að lögreglan hefði verið of lin við mótmælendur sem sumir veittust hart að þeim við störf með andlegu og líkamlegu áreiti ýmiskonar. Lögreglan var að þeirra sögn óundirbúin fyrir mótmælin og þá meðal annars vegna undimönnununar, lítilla birgða og ófullnægjandi öryggisbúnaðar öllum lögreglumönnum til handa.

### **3.3. Hlutverk lögreglu**

Samkvæmt stefnu íslenskra stjórnvalda í löggæslumálum sem finna má í fyrstu grein lögreglulaga nr. 90/1996 eru hlutverk lögreglu margþætt. Þeim er meðal annars falið að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að tryggja opinbera hagsmuni og hvers konar lögmæta starfssemi. Stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins sem og að greiða götu borgarinnar eftir því sem við á og aðstoða þá þegar hætta steðjar að. Hlutverk þeirra er einnig að veita yfirvöldum vernd eða aðstoð við framkvæmd starfa sinna samkvæmt fyrirmælum laga eða venju eftir því sem þörf er á (Þingskjal 1180, 1996).

Aðspurðir voru lögreglumennirnir á einu um hvert hlutverk þeirra væri, að hjálpa og aðstoða fólk og tryggja öryggi samborgara sinna. Þetta viðhorf kom fram hjá Helga auk þess sem hann, ásamt öðrum hafði orð á því að hlutverk þeirra væri að halda uppi lögum og reglu. „Hlutverk mitt er náttúrulega að framfylgja lögum og halda uppi lögum og reglu, aðstoða borgarann eins og maður getur, það er fyrst og fremst það“. Sæmundur tók í sama streng.

Mér finnst hlutverk lögreglumannsins vera að þjóna fólkinu og þá kannski í víðari skilningi bæði að halda uppi lögum og reglu og verja lýðveldið. Það sem að við eigum að fara eftir í því og eins til þess að aðstoða fólk, bara í daglegu lífi þar sem þarf að hjálpa fólki og eins til þess að hjálpa fólki sem er minnimáttar sem lendur undir í heimilisofbeldi og árásum og slíku.

Auk alls álagsins sem mótmælin lögðu á lögregluna þurfti hún að sinna almennum hlutverkum slökkviliðsins og slökkva elda sem kveiktir höfðu verið víðsvegar á mótmælendasvæðinu. Slökkviliðið svaraði ekki kalli lögreglunnar um að slökkva eldana þegar lögregla óskaði eftir því og vakti það gremju sumra viðmælenda. „Menn voru reiðir úti þá fyrri daginn, að þeir skyldu ekki hafa komið þegar við báðum um það til þess að slökkva eldinn sem hafði verið settur fyrir framan tengibygginguna á alþingi. Ég held hins vegar að þegar leið á nóttina hafi menn fengið skilning á því afhverju þeir komu ekki“. Sumir þátttakendur skildu ástæðuna sem að baki lá, að slökkviliðið þyrfti að viðhalda ákveðinni ímynd en aðrir skildu ekki í hvaða vinsældarkosningu slökkviliðið væri. „Munurinn á slökkviliðinu og lögreglunni er sá að þeir hugsa um almenningsálitið en við erum kannski ekki alltaf að spá í það. Við þurfum að gera ákveðna hluti, hvort sem að okkur þykir það gott eða slæmt, því við eigum að fara eftir bókinni“.

Það kom fram hjá nokkrum viðmælendum að starfsvalið væri hugsjón. Eiríkur talaði um að vilja gera gagn í þjóðfélaginu. Sæmundur sagði ástæðu manna fyrir að fara í lögregluna ekki vera launin, þeir gerðu það vegna ákveðinnar hugsjónar. Hugsjón Þórðar í stafí er að hjálpa þeim sem eiga eitthvað bággt í lífinu og reyna að koma þeim á rétta braut. Hann sagði einnig að flestir sem færu í lögregluna gerðu það að ævistarfi, þeir dyttu inn í þann hring strax á fyrstu mánuðunum í starfinu að það yrði þeirra líf og yndi og sjálfur sagðist hann hafa verið margu mánuði að ná sér út úr þeim hring.

Lögreglustarfið er fjölbreytt starf og komu verkefni þess flestum viðmælendum í opna skjöldu. Eiríkur segir það hafa komið honum mest á óvart hve margvísleg verkefni þeirra eru og tók sem dæmi um hraðan akstur, aðstæður væru aldrei eins, hvorki hvað varðaði viðmót né atburði. Sæmundur ásamt öðrum kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir dökku hliðum þjóðfélagsins og né heldur að starfinu fylgdi meiri sorg heldur en gleði þar sem veröldin frá þessu sjónarhorni er ekki ætíð fögur.

### **3.3.1. Afstaða almennings til lögreglu frá sjónarhóli lögreglumanna**

Eðli lögreglustarfsins kom öllum viðmælendum á óvart í upphafi starfsferils og hjá sumum er það þannig enn mörgum árum seinna. Ætla mætti að hinn almenni borgari sé frekar grandalaus um hvað lögreglan þarf að takast á við í starfi og hvernig lögreglan upplifir ólíkar aðstæður fólksins í landinu eins og fram kom meðal annars hjá Sæmundi.

Þetta hefur versnað mikið síðan ég byrjaði og það eru mikið skýrari skil á milli svona venjulegs fólks og svo hins fólksins. Það lifa eiginlega tvær þjóðir í

Þessu landi og þjóðin sem við viljum tilheyra, hún gerir sér ekkert alveg grein fyrir því við hvaða kjör og aðstæður hinir búa.

Því má geta sér til um að almenningur geri sér ekki nægilega góða grein fyrir hlutverki lögreglu, né heldur þeim verkefnum sem hún sinnir í daglegu starfi. Viðmælendur mínir voru ekki einhuga um hvort almenningur vissi hvert hlutverk lögreglunnar væri almennt sem og í mótmælunum. Eiríkur taldi að sumir hefðu gert sér grein fyrir því að þeir stæðu bara þarna vinnunnar sinnar vegna en þó hefði fólk sífellt verið að biðja þá að standa með þeim en ekki ríkisstjórninni. Hann benti líka réttilega á að lögreglan hefði oft bara hlutverk í lífi fólks þegar það á við ýmsa erfiðleika að etja eða eru hjálparþurfi.

Í ljósi þess að hlutverk lögreglu er að aðstoða og vernda almenning, bæði samkvæmt lögum og í hugum lögreglumanna er það sérkennilegt að þessum sama almenningi þyki á stundum í lagi að ráðst gegn lögregluþjónum landsins.

Eiríkur segir það vera með ólíkindum að hve miklu leyti fólk telji lögregluna eiga að slást. Hann telur að virðing gagnvart lögreglunni hafi dvínað á undanförunum árum og það sjáist greinilega á barningnum sem lögreglumenn verði fyrir niður í miðborginni um helgar. „Við höfum virðingu þeirra sem þurfa ekki að hafa viðskipti við okkur“. Meðal þeirra sem þeir þyrftu að hafa regluleg viðskipti við sagði hann þetta vera haltu mér, slepptu mér samband. „Um leið og við þurfum að hjálpa þeim er allt fyrirgefið en svo ef að við þurfum að hafa afskipti af þeim þá er viðmótið það að okkur er sagt að drulla okkur í burtu“.

Svipað viðhorf kemur fram hjá Þórði í upplifun hans á viðhorfi almennings í mótmælunum gagnvart lögreglunni, hann álitur að fjöldi mótmælenda hafi litið á lögregluna sem stærsta óvininn. „...svo er kannski spurning að þegar eitthvað bjátar á, hvort að við séum ekki bestu vinirnir það augnablikið. Fólk hugsar bara um núíð, það er aldrei að hugsa hvað gerist í næstu viku eða mánuði eða næsta ár eða allt lífið og sérstaklega ungt fólk“. Skúli tók undir þau orð Þórðar að fólk virtist ekki hugsa lengra en nef þess næði. Hann sagðist hafa velt því fyrir sér í mótmælunum að þarna stæði fólk sem hikaði ekki við að hringja eftir hans aðstoð þegar það þyrfti á að halda en að svo fyndist því líka eðlilegt að svivirða hann, „...ausa yfir mig hlandi og skít og reyna að meiða mig, þetta finnst mér sorglegt“.

Sæmundur telur að eldra fólk geri sér grein fyrir hlutverki lögreglunnar og fyrir hvað hún standi en að margt ungt fólk geri sér enga grein fyrir því „...það vill hafa hlutina eftir eigin höfði og ef það er ekki hægt þá erum við bara fyrir, nema þegar það þarf á hjálp að halda“.

Sæmundur fullyrðir að miklar breytingar hafi orðið á virðingu almennings gagnvart lögreglunni. „Fyrstu árin sem ég var í lögggunni þá bara lagði fólk ekki hendur á okkur og

reifst ekki við okkur en núna bara hjólar fólk í okkur, rífur kjaft við okkur og lemur okkur þess vegna“. Hann vill meina að virðingarstig þeirra hafi breyst upp úr 1995 og að það væri almenn kenning meðal reyndari lögreglumanna að það sé hægt að rekja til breytinga á búningnum. „Þeir vilja meina að það hafi verið borin ákveðin virðing fyrir búningnum, hann er ekki virðulegur í dag, þú getur alveg eins staðið við hliðina á öryggisverði og þú sérð lítinn mun“. Hér er Sæmundur að vitna í þær breytingar á fatnaði lögreglunnar að hún hætti að sinna stöfum sínum í hátíðarbúningnum og tóku upp hefðbundnari vinnuklæðnað, sem honum þykir alls ekki virðulegur. „Þeir voru alltaf með hvítu húfurnar í gamla daga, það var ákveðinn stíll yfir henni. Ímyndin segir svolítið mikið um þig“.

Skúli telur að virðingarleysi gagnvart lögreglunni sé að miklu leyti þeim sjálfum að kenna vegna þess hvernig fólki er leyft að koma fram við lögregluna og þá sérstaklega þegar það er í annarlegu ástandi í miðbæ Reykjavíkur um helgar.

Viðmælendurnir voru þó á einu um að virðing lögreglunnar meðal almennings hefði aukist nokkuð eftir mótmælin. Þolinmæði þeirra og að hafa staðið undir grjótkasti mótmælenda skilaði sér í auknu almenningsáliti en samkvæmt aðgerðastjórnendum er slíkt fáheyrt þar sem almenningsálit á lögreglu minnkar almennt eftir mótmæli.

Samkvæmt netkönnun Capacent Gallup sem gerð var dagana 21. – 29. febrúar kom í ljós að mikill meirihluti aðspurðra var hlynntur mótmælum vegna þjóðfélagsástandsins, eða 69% og aðeins 11% voru hvorki hlynnt né andvíg mótmælunum. Hinsvegar kom í ljós að ríflega 68% aðspurðra voru þeirrar skoðunar að mótmælendur hefðu gengið of langt í mótmælunum þriðjudaginn 20. janúar. Viðhorf til viðbragða lögreglu við mótmælunum þennan dag voru einnig mæld og samkvæmt könnuninni taldi rúmlega helmingur landsmanna að viðbrögð lögreglu hefðu verið hæfileg þennan dag, fimmtungur að þau hefðu verið of hörð og 23% töldu að þau hefðu verið of væg (Capacent Gallup, 2009).

### **3.4. Vinnuálag og aðstandendur lögreglumanna**

Þegar lögreglan setur upp línu fyrir framan Alþingishúsið er það hlutverk óeirðalögreglunnar að halda þeirri línu og halda almenningi hinum megin við línuna. Þar sem óeirðalögreglumennirnir eru tiltölulega fáir þá mæddi mikið á fáum mönnum. Þórður sagðist hafa staðið í allt að fjóra til sex tíma í einu og mest í sex klukkutíma án þess að fá vatn. Það alversta við hinar löngu tarnir í línunni fannst honum þó að komast ekki á klósettið. „Það var bara ekki hægt að komast, bæði vorum við ekki fleiri og svo líka þetta sálfræðilega, þú ert undir pressu og þú vilt ekki skilja félagana eftir undir þeirri pressu“.

Helgi sagði þetta hafa verið mjög erfitt að standa þarna í marga klukkutíma. Hann fékk fjögurra tíma svefna á milli lota og þá sigraði þreytan hann gersamlega. Skúla reyndist hinsvegar erfitt að sofna þegar honum á annað borð gafst tækifæri til. Hann sagðist hafa heyrt bumbusláttinn og ískur í eyrunum.

Lögreglumennirnir fóru margir hverjir ekki heim fyrst um sinn og sváfu þeir þá á lögreglustöðinni. Þegar mótmælin höfðu staðið í einhvern tíma var setustofu lögreglunnar og fundarsal þeirra breytt í svefnaðstöðu en þar áður höfðu margir sofnað á jógaþýnum í leikfimisal lögreglunnar.

Einum þátttakanda rannsóknarinnar fannst það hafa verið mistök að leyfa mönnum að fara heim eftir svo langan og strangan vinnudag, í stað þess gefa þeim færi á að vinna úr því sem á undan hafði gengið í sameiningu.

Við áttum ekki að hleypa fólkinu heim, við áttum bara að vera með svefnaðstöðu og vera með hálfgerða „brífinu“<sup>10</sup> þar sem menn gætu tjúnað sig niður. Þú ferð ekkert heim og tjúnnar þig niður einn. Þú heldur áfram að tjúna sjálfan þig upp. Því hefði átt að skipta fólkinu niður í hópa þar sem menn gátu talað um sína upplifun af þessu því menn leggjast frekar niður og sofna ef þeir eru búnir að losa.

Vinnudagar lögreglumannanna voru vissulega langir og strangir þessa örlagaríku daga í janúar 2009 og flestir fóru þeir einungis heim til þess að fá hvíld og þá aðeins í stuttan tíma í einu. Þeir voru hins vegar ekki þeir einu sem fundu fyrir álaginu sem fylgdi þegar mótmælin stóðu sem hæst því að baki hvers lögreglumanns eru aðstandendur. Hvort sem það eru foreldrar, makar eða börn þá hafa mótmælin og afleiðingar þeirra áhrif á þau öll líkt og lögreglumennina sjálfa þó á ólíkan hátt sé. Að sitja heima og bíða fréttu af gangi mála á Austurvelli mun hafa tekið á þolinmæðina þessa daga þar sem lögreglumennirnir höfðu fá tækifæri til að hafa samband heim og láta vita af líðan sinni, hvort allt væri í lagi með þá. Viðmælendurnir voru á einu máli um að fjölskyldum þeirra hefði ekki líkað vel að vita af þeim þarna niður frá og sumir þeirra töldu að þetta hefði í raun verið erfðara fyrir fjölskylduna heldur en þá sjálfa.

Upplýsingaflæðið frá lögreglunni til maka lögreglumanna var ekkert samkvæmt viðmælendum en Sæmundur minntist á opinn dag sem haldinn var stuttu eftir mótmælin þar sem mökum og börnum lögreglumanna var boðið að koma og skoða meðal annars búnaðinn sem notaður var í mótmælunum. Einnig talaði hann um lokaðan fund sem haldinn var fyrir

---

<sup>10</sup> Brífin er tökuorð yfir stöðupunkt þar sem menn meta núverandi stöðu og störf í því skyni að læra af þeim og gera betur.

aðstandendur lögreglumanna í lok mars 2009 og að þetta væru góðir hlutir en það tæki of langan tíma fyrir embættið að koma þessum hlutum í kring.

Þórður hafði ákveðnar skoðanir á auknum samskiptum á milli lögreglumanna og maka þeirra.

Ég held að lögreglumenn þurfi að upplýsa maka sína um hvað þeir eru með af vörnum, hvað við kunnum og hvað við getum, svona „basic“ þannig að makinn viti að maður er svona og svona varinn ef eitthvað gerist.

Tveir viðmælendanna minnst sérstaklega á þá staðreynd að það eru mörg pör innan lögreglunnar. Eiríkur telur að það sé oft erfitt fyrir maka lögreglumanna að skilja hvað er í gangi í vinnunni hjá þeim, að hlutirnir hljómi allt öðruvísi í eyrunum á þeim heldur en eyrum annarra lögreglumanna.

Eins og ef við ætlum að segja þeim (mökum) eitthvað þá þurfum við að útskýra svo mikið í kringum það. Þetta er eins og að horfa á körfuboltaleik með konunni minni, ég gefst upp á því. Bíddu af hverju er hann útaf núna, hann var að skora (spyr hún).

Flestir viðmælenda eru foreldrar og er Þórður tveggja barna faðir. Hann sagðist hafa skynjað það á börnum sínum að það var eitthvað að gerast sem þeim fannst ekki í lagi. „...það voru svona spurningar, hvað er verið að gera við lögguna og pabbi er þarna, ótti aðeins undirliggjandi“. Hann sagði þó að það væri ekki mikið til umræðu á heimilinu. „Ég held að þarna ómeðvitað hafi þetta snúist aðallega um börnin, að reyna að hlífa þeim“. Aðrir viðmælendur áttu börn sem voru annaðhvort orðin fullorðin sjálf eða þá að þau voru of ung til að átta sig á þessum breyttu vinnuaðstæðum foreldra sinna.

Eiríkur sagði sína fjölskyldu hafa verið skíthrædda, sérstaklega í ljósi þess að hann hafði áður lent í tilefnislausri árás vegna starfs síns. Skúli sagði að fjölskyldu sinni hefði fundist hræðilegt að hann stæði ásamt félögum sínum fyrir framan Alþingishúsið.

Ég held að síminn hafi verið troðfullur af skilaboðum á hverjum einasta degi, hvort það væri í lagi með mig. Ég býst við því að þetta hafi verið mikið erfiðara fyrir þau heldur en nokkurtíma fyrir mig. Ég er alveg pottþéttur á því, þeim leið ekkert vel.

Þegar hápunktí mótmeala var náð, með notkun tárageiss á Austurvelli fóru að birtast myndir af lögreglumanni á veraldarvefnum með upplýsingum um búsetu hans. Fólk var þar hvatt til þess að fara heim til hans og vera meðal annars með lúðra og grýta húsið hans.

Þórður kvaðst hafa tekið þessa hótun alvarlega, þó svo að hún beindist ekki að honum persónulega. Hann telur að lögreglumenn hugsi of oft á þá leið að þeim verði ekki hótað og að svona hlutir komi fyrir aðra en þá, átti sig ekki á því að kannski séu þeir allir skotmarkið þegar allt kemur til alls. Hann sagðist hafa haft samband við konu sína um leið og hann hafi fengið veður af þessum hótunum.

Við vorum komin með aðgerðaráætlun í kringum börnin okkar hjá skólanum, sem sagt ef það færi eitthvað af stað (ef að staðið yrði við hótanir og fólk færi að vera með læti utan við heimili lögreglumanna) þá færi sérplan frá okkur inní skólana, þannig að börnin yrðu alveg varin.

Að kvöldi þriðja dags mótmælanna, fimmtudagsins 22. janúar var sýnt í Kastljóspætti Ríkissjónvarpsins viðtal við eiginkonu lögreglumanns sem stóð vaktina í mótmælunum. Í viðtalinu kom meðal annars fram hve þreyttir mennirnir hefðu verið og að vinnutíminn væri langur og að fjölskyldur lögreglumannanna sæju þá ekkert þessa daga og heyrðu lítið frá þeim í þokkabót. Flestir viðmælendurnir voru mjög ánægðir með þetta viðtal, að einhver hefði komið fram fyrir þeirra hönd þar sem þeir mega það ekki sjálfir. Eiríki þótti viðtalið flott, að koma því á framfæri að lögreglumenn ættu fjölskyldur og að þeir væru líka með lán eins og aðrir þegnar þjóðfélagsins.

Hlutverk lögreglunnar er margþætt og í hugum þátttakenda felst það í aðstoð við samborgara og að halda uppi lögum og reglu. Viðmælendurnir telja að virðing fyrir lögreglunni hafi minnkað á síðastliðnum árum en að þeir hafi uppskorið aukna virðingu og traust eftir framgöngu sína í mótmælunum. Aðstandendur lögreglumanna fóru ekki varhluta af mótmælunum og telja flestir viðmælendur að tilhugsunin um ástvini í mótmælunum hafi verið erfiðari en taka þátt í þeim. Margir hverjir unnu þeir nær sleitulaust í þrjá sólarhringa og höfðu fá tækifæri til að hafa samband við þá sem næst þeim standa.

### **3.5. Fjölmiðlar**

Þar sem fjölmiðlar skipuðu svo stórt hlutverk í gangi mála meðan á mótmælunum stóð og voru jafn mikið þátttakendur í þeim eins og lögregla og mótmælendur, hefur rannsakandi ákveðið að hafa sér kafla fyrir þá umfjöllun.

Lögreglumennirnir höfðu allir sterkar skoðanir á framgöngu fjölmiðla við mótmælin og á samskiptum lögreglu og fjölmiðla almennt. Þeim þótti flestum aðferðafræði fjölmiðlanna röng þar sem athygli þeirra beindist að mestu leyti að lögreglunni við þær aðstæður sem mynduðust fyrir framan alþingi sem og við önnur hávaðasöm mótmæli, sér í lagi þar sem til ágrenings kom á milli mótmælenda og lögreglunnar. Mörgum viðmælenda

Þóttu fjölmiðlar ekki vera nægilega hlutlausir og ekki sýna hlutina frá sjónarhóli beggja aðila. Sæmundi þótti umfjöllun fjölmiðla um mótmælin bæði sanngjörn og ósanngjörn.

Ég er kannski ósáttastur við hvað fjölmiðlar bjuggu til mikinn æsing úr þessu, þeir virtust lifa fyrir það að tjúnna þetta upp. Margir segja að fjölmiðlar séu fjórða valdið í þjóðfélaginu og ég held að það sé mikið til í því. Ef þú ert í þeirri aðstöðu að geta matreitt hlutina ofan í þá sem ekki vita þá fer það eftir því hvernig þú matreiðir það hvernig útkoman verður.

Svipað viðhorf kom einnig fram hjá Þórði.

Fjölmiðlarnir beindu öllum sínum sjónum að lögreglunni, hvað hún var að gera, þeir blönduðu umfjöluninni ekki nógu mikið saman fyrr en bara alveg undir lokin, hvað eru mótmælendur að gera og hvað eru lögreglumenn að gera, skýra sjónarmið beggja. Maður sér fréttamynd og fjölmiðlamenn eru allir í fremstu víglínu, hvaða skilaboð er verið að gefa þarna til fólksins. Hvað lögreglan var að gera, ekki hvað fólkið var að gera, en ekki að blanda þessu saman svo að ég sem borgari sem fór ekki þarna fái sem bestu upplýsingarnar frá báðum hliðum.

Einnig höfðu sumir orð á því að fjölmiðlarnir virtust ekki átta sig nægilega vel á ástandinu og að aðkoma þeirra að því væri oft á tíðum beinlínis hættuleg fyrir fjölmiðlamennina sjálfa. Um tíma fór mikið fyrir því í umfjöllun fjölmiðla að þeir hefðu orðið fyrir piparúða eða lent í einhverskonar ryskingum og Sæmundur spurði einfaldlega þeirrar spurningar, af hverju voru þeir meisaðir?

Þeir kvörtuðu undan því að vera meisaðir. Af hverju voru þeir meisaðir, af því að þeir tóku sér stöðu á milli lögreglu og mótmælenda. Það er óeðlilegt og mér finnst þetta óeðlileg framganga, framgangin er að mínu viti bara sú að þeir eru að komast sem lengst inn til að ná sem mest spennandi myndum og sem mest spennandi frásögnum og ná öllu því sem er viðkvæmt, það er allt dregið upp, það verður aðalatriðið. Fréttamenn fá bara ekki svona aðgang að svona atburðum neinsstaðar í heiminum nema héraendis.

Hann ásamt öðrum virtist einnig telja að fjölmiðlar hefðu átt stóran þátt í hvernig mál þróuðust og þá sér í lagi þegar beinar útsendingar voru frá Austurvelli. Oft á tíðum þegar ástandið var að róast þá fylktist fólk að niður í miðbæ til að taka þátt í hinni rífandi stemmningu sem fjölmiðar greindu frá.

Einnig þótti mörgum lögreglumönnum það mikið vandamál hve illa fjölmiðlar á Íslandi væru merktir. Til að mynda kvaðst Sæmundur hafa heyrt það meðal mótmælenda að það væri þjóðráð að dulbúa sig sem fréttamann til að komast nær lögreglunni og inn á þeirra athafnasvæði.



Það er náttúrulega hluti af vandamálinu sem að við áttum við að etja sko að ákveðinn hóp af þessum mönnum þekkjum við en svo er ákveðinn hópur sem að við þekkjum ekki sem er erfitt að fá til að merkja sig. Við förum að heyra það, strax frá ákveðnum mótmælendum að það væri leiðin, að vera með myndavél og vera í jakkafötum, að þykjast vera fréttamaður svo að þetta er ákveðið vandamál og þeir fást ekki til þess að merkja sig. Þeir eru yfirleitt með þetta í vasanum, spjaldið, ef þú heimtar það, það er bara ekkert fínt að vera með það.

Þó virtust þeir flestir gera sér grein fyrir því að fjölmiðlamenn voru jafn reynslulitlir og þeir sjálfir í ástandi sem þessu og að þeir væru að læra að takast á við það jafnt og þeir. Eiríkur taldi fjölmiðla ekki hafa áttað sig á hvað þeir ættu að tala um oft á tíðum. „Ég held að fjölmiðlamenn hafi bara verið jafnvitlausir og við, bara allir. Það vissi enginn hvernig ætti að höndla þetta“ Hann taldi þá einbeita sér um of að því að spyrja þá mótmælendur sem þeir höfðu tal af um viðskipti þeirra við lögreglu, hvort að þeir hefðu fengið gas framan í sig og svo framvegis, í stað þess að spyrja viðmælendur sína hvort að þeir áttuðu sig á því að það væri lögbundið friðhelgi á Alþingi og að það mætti ekki raska ró þess.

Helga þykir vanta meiri umfjöllum hjá fjölmiðlum um hvað lögreglumenn hafa þolað og nefndi hann sem dæmi atvikið sem varð á gamlársganginum við Hótel Borg eins og áður hefur verið fjallað um.<sup>11</sup>

Það er ekki mikið fjallað um þetta okkur í hag, lögreglan var gagnrýnd og við erum ekki yfir gagnrýni hafin, við tókum það sem við eigum. En gagnrýnin í fjölmiðlum er ekkert alltaf sanngjörn gagnvart okkur. Það sem kannski vantar hjá okkur er svona fjölmiðlafulltrúi. Það vantar svona einhvern sem svarar fyrir áskanir sem bornar eru fram í fjölmiðlum. Mér finnst það verða að vera einhver einstaklingur sem kemur og svarar því, hvernig lögreglan vinnur og hvaða lagaúrræði við höfum, sem sagt sem við vinnum eftir.

Eftirfarandi skoðun Helga að lögreglan þyrfti að hafa sérstakan fjölmiðlafulltrúa kom fram hjá öllum viðmælendum og voru þeir einhuga um að sá fulltrúi þyrfti að hafa reynslu af lögreglustöfum og skilja starfið til hlítar. Flestum þótti þeir Stefán Eiríksson lögreglustjóri, meðal annarra, vera duglegur að svara fyrir lögregluna í fjölmiðlum og koma fagmannlega fram en þó þyrfti einhverja ákveðna stefnu í samskiptum við fjölmiðla í stað þess að menn séu að viðra þar ólíkar skoðanir. Þetta viðhof kom fram hjá Þórði.

Það er búið að vera umræða um það í fjögur til fimm ár meðal lögreglumanna að fá fjölmiðlafulltrúa og að það sé maður sem þekki starfið út í gegn og hefur svona gott andlit. Þá fáum við svona umræðu um lögregluna ekki úr öllum áttum eins og í dag, við viljum fá „rithmann“, að það sé bara eitt andlit, þetta er línan sem við ætlum að fara eftir og það er ekkert annað til umræðu. Svo þegar

---

<sup>11</sup> Sjá bls.8.

hann hverfur sjónum þá kemur annar taktur en sami „rithinn“. Það er það sem að okkur finnst vanta.

Sæmundur hafði orð á því að frelsi fjölmiðla virtist takmarkalaust og ef þeim væri vísað frá, hvort sem það væri af brunavettvangi, slysavettvangi eða við aðrar aðstæður, þá væri það lögreglan sem fengi oftast skömm í hattinn fyrir framgöngu sína við fjölmiðlafólk.

Þátttakendur rannsóknarinnar telja að þeirra starfsreglur séu ekki nægilega skýrar í augum almennings og finnst umfjöllun um lögregluna oft á tíðum ósanngjörn. Því töldu þeir nauðsynlegt fyrir lögregluna að hafa fjölmiðlafulltrúa.

### 3.6. Staða lögreglunnar

Lögreglustarfið er bæði líkamlega og andlega krefjandi. Lögreglan er kölluð til þegar þörf er á og boðuð á þá staði sem öðrum er gert að yfirgefa aðstæðna vegna. Auk þess felur starfið í sér mikla skýrslu- og tölvuvinnu, kröfur um líklegan styrk sem og kröfur um yfirvinnu og í reynd nauðsyn yfirvinnu vegna eðlis starfsins, meðal annars vegna lögbundinna ákvæða og skorts á starfsfólki.

Góður starfsandi er undirstaða einingar innan lögreglunnar, félagsskapurinn og sú samstaða sem myndast meðal lögreglumanna virðist vera límið sem heldur öllu saman. Eiríkur telur að enginn sé í lögreglunni launanna vegna, miklu fremur vegna þess hve skemmtilegt starfið getur verið og félagsskapurinn góður. Að hans sögn myndi lögreglustarfið missa aðdráttaraflíð ef félagsskapurinn og starfsandinn væri ekki góður.

Að mati Þórðar breyttist andinn innan lögreglunnar mikið meðan á mótmælunum stóð og sagðist hann aldrei hafa séð aðra eins samstöðu og þá. Viðmælendurnir töldu allir að andinn innan lögreglunnar hefði breyst til hins betra og að samstaða og samkennd hefði einkennt andrúmsloftið. Hins vegar þykir þeim flestum þessi samstaða að miklu leyti horfin aðeins tveimur mánuðum seinna vegna þeirra breytinga sem lögreglumennirnir eru að búa sig undir með breyttu starfskipulagi.<sup>12</sup> „Við erum öll út í sitthvoru horninu og mér finnst við eiginlega orðin einagraðari nú heldur en fyrir mótmælin út af breytingunum“ segir einn viðmælendi.

Allir viðmælendur mínir nema einn sögðust einangrast félagslega vegna starfs síns en allir töldu þeir að það væri mun algengara meðal lögreglumann en annarra stétta. Þeir

---

<sup>12</sup> Þetta breytta starfskipulag felst í því að færa lögreglumenn og rannsakendur út í hverfastöðvar sem eru á höfuðborgarsvæðinu fimm talsins. Með þessum breytingum er verið að brjóta upp vaktir og að mati eins viðmælenda er með þessu mótið verið að draga úr sérhæfingu rannsakenda.

minntust allir á vaktavinnuna sem eina orsök þess, en hún gerir það að verkum að þeir eru oft að vinna þegar aðrir sem vinna hinn hefðbundna átta til fjögur vinnudag eru í fríi.

Eiríkur kvaðst þurfa að hafa mikið fyrir því að hafa samskipti við vini sína þar sem þeir gefist upp á að reyna að hringja í hann. Sama viðhorf kemur fram hjá Þórði „þú getur ekki eytt tíma með vinum þínum og kunningjum þegar þeim hentar, þeir þurfa alltaf að sveiga sig að þér“.

Þórður taldi þó að það væri einnig þagnarskyldan sem gerði það að verkum að lögreglan einangraðist svo mjög í starfi. „Það eru allir forvitnir um hvað lögreglan er að gera en þú mátt ekkert segja“.

Sæmundur og Þórður voru sammála um að lögreglumenn einangruðust mjög í sínum lögregluvinahópi, að lögguvinnustaðasamfélagið væri mjög áberandi. Þórður sagði þá alla vera meira og minna vini og kunningja.

Sæmundur segist verða var við mikil áfalla- og streitueinkenni meðal lögreglumanna eftir mótmælin, sérstaklega hjá þeim sem yngri eru. Telur hann að það sé það alvarlegasta sem lögreglan þurfi að eiga við í dag, endurupplifun lögreglumanna á mótmælunum og hremmingum þeirra þar. Til að mynda sagðist hann hafa séð nokkra menn vera að bugast í línunni og þeim hefði verið kippt út og þeir fengið pásu. Að hans mati eru einkennin eirðarleysi, skapstyggi, þreyta og svefnleysi. „Maður veit líka að menn hafa verið að vakna upp með martraðir, heyrandi pottahljóð. Það eru ákveðin atriði sem gera það að verkum að þetta bara situr eftir í sálinni og menn kunna kannski ekki að losa um þau“.

Viðmælendurnir voru þó ekki allir sammála Sæmundi um áhrif mótmælanna á andlega heilsu óeirðalögreglumannanna, til að mynda sagðist Helgi ekki hafa séð neina bugaða í mótmælunum. En þó voru einhverjir sem töldu að eftir mótmælin hefði þráðurinn verið stuttur í mönnum.

Viðmælendurnir voru mjög þakklátir fyrir þann hlýhug sem þeir urðu varir við í mótmælunum þar sem gjafir og kveðjur streymdu til þeirra á lögreglustöðina. „Við vorum að drukna í sælgæti, blómum og kortum, öli og orkudrykkjum í lok óeirðanna“. Eiríki þótti frábært að fólk skyldi standa upp og verja lögregluna þegar hinum almenna borgara ofbauð framganga fárra hersáa mótmælenda. „...það lýsir líka Íslendingum, þeir fengu bara nóg. Við erum ekki ofbeldisfull, fólk fékk bara nóg að sjá einhverja krakkavitleysinga grýta lögregluna“.

### 3.6.1. Varnir og úrræði

Eftir mótmælin hefur umræða um varnir og úrræði lögreglu aukist. Eiríki þykir það mikið umhugsunarefni. Hann líkt og Skúli vitnar í Alta Gíslason þingmann, þegar hann var spurður að því hvort lögreglumaður þyrfti að láta lífið áður en byssur og taserar<sup>13</sup> yrðu leyfð á Íslandi. Svar hans við þessari spurningu var jákvætt og telur Eiríkur hann einungis vera raunsæjan.

Eiríkur sagðist bara bíða eftir því að lögreglumaður léti lífið í starfi. „Það er ekkert öðruvísi, það eru skotvopn í gangi hérna, við erum að taka mjög mikið af skotvopnum og fólk er að hóta með þeim“.

Þórður líkt og Eiríkur taldi það bara tímaspursmál hvenær lögreglumaður léti lífið starfsins vegna á Íslandi. „Við óskum þess allir heitt og innilega að við verðum ekki á vaktinni þegar það gerist en við bíðum allir eftir því að einhver okkar deyi, þannig er það bara, það er ljótt að segja frá því“. Eiríkur sagðist reyna að hugsa sem minnst um þetta „Þetta er rosalega sorglegt sko, af hverju getum við ekki verið skrefi á undan, alltaf á eftir, alveg sama hvað það er“.

Þórður lagði áherslu á of litlar forvarnir innan lögreglunnar. Í samanburði við aðra vinnustaði þar sem menn fá tilheyrandi öryggisfatnað, hjálma og skó svo eitthvað sé nefnt þá sé lögreglan ekki með neinn öryggisfatnað fyrir sitt starfsfólk. Þeir hafi ekki hnífavesti né skotvesti við almenn störf og sjaldan sé búnaður í bílunum, t.d. skotvesti þeim til öryggis. Í mótmælunum höfðu lögreglumennirnir til að mynda ekki öryggisskó og því má geta sér til um að líðan þeirra yfir því að sjá alla þessa steina og aðra hluti koma fljúgandi að þeim hafi verið enn óþægilegri þegar þeir vissu að þeir væru ekki varðir frá toppi til taa.

Viðhorf sumra viðmælenda var á þann veg að það væri á þeirra ábyrgð að verja sig og einu úrræðin sem þeir hefðu raunverulega til þess væri að hafa góð samskipti við góðkunningja sína, þá sem lenda oft í höndunum á þeim vegna lífarnis. Kurteisi og almennilegheit skiluðu bestum árangri og að ljúka yfirheyrslum eða almennum afskiptum við fólk á góðum nótum. Einn þátttakandi rannsóknarinnar sagðist til að mynda vera mun meðvitaðri um þetta núna eftir mótmælin og gæfi sér nú meiri tíma til almennra samskipta og spjalls um daginn og veginn.

<sup>13</sup> Taser er rafbyssa en notkun hennar meðal lögreglu hefur aukist og eru þær nú notaðar í 45 löndum víðs vegar um heim. Tækið er útbúið tveimur litlum pílum sem áfastar eru við vír sem er tengdur gíkknum og þegar pílu er skotið í mann berst um vírin rafspenna sem hefur þau áhrif að viðkomandi missir stjórn á vöðvahreyfingum sínum. „Notagildi tækisins hefur fyrst og fremst verið í þá átt að hindra að lögreglumenn lendi í átökum við einstaklinga og hefur það dregið gríðarlega úr fjölda þeirra tilvika þar sem líkamsáverkar verða bæði á lögreglumönnum sjálfum sem og hinum brotlega“. (Páll Winkel, 2007).

#### 4. Umræður og lokaorð

Rannsókn mín grundvallast á eigindlegri rannsókn meðal fimm lögreglumanna á höfuðborgarsvæðinu er stóðu í framvarðarsveit lögreglunnar í mótmælunum í lok janúar 2009.

Í fyrsta hluta ritgerðarinnar er litið yfir reynslu lögreglunnar af mótmælum frá ársbyrjun 2008 til janúarloka 2009. Í öðrum hluta hennar er gert grein fyrir aðferðafræði rannsóknarinnar og í þriðja og fjórða hluta hennar eru niðurstöður til umræðu sem og frekari rannsóknarspurningar lagðar fram

Þátttakendur í rannsókninni sögðust allir hafa helgað líf sitt lögreglustarfinu, enginn þeirra hafði hug á að skipta um starfsvettvang. Þeir telja hlutverk sitt vera að aðstoða og vernda borgarana fyrst og fremst og það var skýr afstaða þeirra að akkúrat það hafi þeir verið að gera með framgöngu sinni í mótmælunum. Þeim sárnaði framkoma hópa mótmælenda en fögnuðu einnig viðsnúningnum sem varð í mótmælunum þegar fólk stóð upp og varði þá fyrir framgangi lítills hóps óeirðaseggja.

Frá sjónarhóli lögreglumanna er ljóst að bæta þarf aðbúnað og öryggi í starfi. Þeir hafa áhyggjur af varnarleysi sínu og þeim gremst mörgum hve langan tíma það tekur að koma öryggismálum í farveg. Samkvæmt einum viðmælenda hefur til að mynda staðið til í nokkra mánuði að fá hnífavesti þeim til handa en þau voru ekki enn komin í lok mars 2009. Styrkir það enn frekari stoðum undir það viðhorf margra þeirra að velferð þeirra sé ekki efst á blaði hjá stjórnendum þessa lands, þeirra sem setja þeim reglur til að vinna eftir.

Allir lögreglumenn átta sig líkast til á því líkt og viðmælendur rannsóknarinnar að lögreglumenn landsins eru allt of fáir og fjársveldi þeirra er mikið. Aðstandendur líkt og þeir sjálfir finna fyrir löngum fjarverum þeirra frá heimilinu og vaktavinna og auka yfirvinnuskylda eru kvaðir sem allir reyna að lifa við. Það kom berlega í ljós meðal nokkurra viðmælenda að þeir óskuðu eftir auknum samskiptum lögreglu við fjölskyldur lögreglumanna og að vöntun væri á upplýsingaflæði þeim til handa.

Samskipti við fjölmiðla eru þeim einnig hugleikin og þeir sýna allir skýran vilja til breytts umhverfis í þeim efnum. Krafa þeirra um sérstakan fjölmiðlafulltrúa innan sinna raða var afdráttarlaus.

Það var mjög misjafnt meðal viðmælenda minna hvort þeir minntust á það af fyrra bragði að piparúðinn, varnartæki þeirra, hefði verið af skornum skammti. Þeir virtust flestir vera á því að slíkt teldist leyndarmál, einn sagði þó svo ekki vera. Það er mjög eðlileg krafa innan lögreglunnar að slíkt teljist til þagnarskyldunnar, enda velti rannsakandi þessu lengi fyrir sér

áður en hann ákvað að óeðlilegt væri að sleppa þessum þætti rannsóknarinnar vegna. Ástæðan er sú að rannsakandi telur að munstur mótmælanna og sú hætta sem lögreglumennirnir voru í þegar þeir voru að verða undir aðfaranótt fimmtudagsins 22. janúar hafi að nokkru leyti verið vegna skorts á varnarúrræðum.

Ég tel mikilvægt að bæði fjölmiðlar og almenningur allur átti sig á því að verið var að ráðast á lögreglmenn sem höfðu fáar bjargir og að viðhorf þeirra og vinutilhögun hafi verið sú að reyna að komast í gegnum þetta án þess að meiða neinn. Viðmælendurnir virtust allir hafa óbeit á því að þurfa að grípa til kylfu og vildu í lengstu lög komast hjá því. Ég tel það mjög mikilvægt að fólk skilji að lögreglan er ekki víggirt og tilbúin til árásar, það er hvorki þeirra ásetningur né vilji.

Lögreglan lærði mjög mikið á þessum mótmælum, hvernig hún ætti að vinna í svo stórum verkefnum, einnig lærði hún hvað bæri að varast, eins og til dæmis að hversu mikilvægt það er að fara lítt áberandi í önnur verkefni svo að óviðkomandi, í þessu tilfalli mikill mannfjöldi fylgi ekki á eftir þeim.

Lögreglan lærði líka hvernig á að haga samskiptum við fjölmiðlana, til dæmis aðgegni fjölmiðla að vettvangi. Vonandi lærðu fjölmiðlar einnig hvernig þeir eigi að koma fram og bregðast við aðstæðum sem þessum. Til dæmis að vera vel merktir og að vera ekki sjálfir í eldlínunni, fylgjast heldur með sem áhorfendur en þátttakendur og gefa þar með áhorfendum og lesendum sínum heildstæðari mynd af atburðum.

Það er upplifun mín, bæði sem borgara og aðstandanda lögreglumanns að fjölmiðlar komi ekki fram með hlutlausum hætti þegar störf og aðgerðir lögreglunnar eru til umræðu. Þótti mér það koma skýrt fram í mómælunum sem áttu sér stað í janúar 2009 þar sem hluti umfjöllunar þeirra snérist um harða gagnrýni á lögregluna um að lögreglan væri að hindra fjölmiðla í starfi, til að mynda með takmörkuðu aðgengi þeirra að starfsvettvangi lögreglunnar.

Viðmælendur töluðu margir hverjir um litla umfjöllun um brot á lögreglumönnum í starfi, að það fengi litla sem enga umfjöllun í fjölmiðlum ef lögreglumaður slasaðist. Hins vegar væru afglöp þeirra í starfi blásin upp og mun líklegri til umfjöllunar en hitt og þeir gagnrýndir harðlega.

Það er tillaga rannsakanda að í stað þess að gagnrýna störf lögreglumanna, þó þau séu aldrei hafin yfir gagnrýni, þá ættu fjölmiðlar frekar að beita kröftum sínum í gagnrýni á starfsumhverfi lögreglumanna. Skoða fremur hvað veldur því að lögreglumaður brýtur af sér

í starfi. Uppbyggilegra væri að athuga hvað megi betur fara og átta sig betur á starfsumhverfi lögreglunnar, þeim lögum og reglum sem þeim er ætlað að vinna eftir.

Einnig að upplýsa almenning um aðbúnað lögreglunnar og hættunnar sem mæta þeim í starfi sem og hættunnar sem almenningi stafar af faliðuðu lögregluliði þar sem kröfurnar og álagið sem lögreglumenn starfa við eru úr hófi gengnar.

Einn viðmælandinn sagðist telja að menn hefðu fallið í þá gryfju í gegnum árin að vera alltaf að fegra lögreglustarfið, hvort sem það væri vinnutíminn eða annað. Menn eru alltaf að láta starfið líta út fyrir að vera eitthvað æðislegt og spennandi, það á bara að segja sannleikann. Starfið er gjöfult en það er einnig krefjandi, lýjandi og oft á tíðum hættulegt.

Fyrsta skrefið í upplýsingarmiðlun lögreglunnar til almennings er í raun fjölmiðlafulltrúi. Fólk verður að skilja lögregluna, það er þeim lítt til tekna að birtast í fréttum fjölmiðla með læti og yfirgang að því er oft virðist. Hústökumálið<sup>14</sup> svokallaða sem upp kom í apríl 2009 er tilvalið dæmi þar sem fjölmiðlafulltrúi hefði nýst lögreglunni vel og komið þeim skilaboðum til almennings hvað þarna hefði verið í gangi, hví lögreglan réðst inn í húsið og hvernig aðkoman hefði verið.

Það væri einnig áhugavert að rannsaka breytingarnar sem nú eru að verða á innviðum lögreglunnar sem ekki gafst tækifæri á að fara í hér og líta á efnið frá öðru sjónarhóli. Hagræðing er nauðsynleg í öllu samfélaginu eftir bankahrunið en það þyrfti virkilega að skoða árangur rannsóknarstarfa og samvinnu lögreglunnar samhliða hinum nýju breytingum.

Vert að skoða það að ef allir lögreglumennirnir líta sem svo á að þeir séu að vernda okkur og aðstoða, hví við séum svo mörg á móti því að þeir vopnist til að geta varið okkur og sjálfa sig. Við hvað erum við hrædd? Viljum við ekki vernda þá eins og þeir okkur? Þurfum við virkilega að verða vitni að dauða lögreglumanns til að sjá breytingar í þeim efnunum? Er eðlilegt að lögreglumönnum þyki þeirra öryggi í starfi eða líf þeirra minna virði en annarra?

Einnig má beina sjónum að virðingu lögreglunnar og rannsaka ástandið sem verður niðri miðbæ Reykjavíkurborgar um helgar. Einn viðmælandinn sagði árangur „pissuvaktanna“ sem þeir stóðu fyrir í seinni hluta árs 2007 hafa borið árangur og að eftir nokkrar slíkar vaktir þar sem lögreglan handtók alla sem voru með óspektir á almannaferi hafi ástandið í kringum þá í miðbænum verið allt annað. Vert er að benda á að samkvæmt könnun Capacent Gallup (2007) var viðyfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar, eða 91% hlynt þessum hertu aðgerðum lögreglunnar en aðeins 4% sögðust vera andvíg þeim.

---

<sup>14</sup> Fjöldi ungs fólks hafði tekið undir sig autt hús í miðbæ Reykjavíkurborgar í leyfisleysi húseiganda og varð lögreglan að ná fólkinu útúr húsinu með valdi. (Rúnar Pálmason, 2009).

Einnig tel ég að vert sé að spyrja mótmælendur, bæði herskúa og almennan mótmælenda um þeirra upplifun af mótmælunum, sjá hvernig skoðanir ólíkra hópa koma út. Þótt venjulegir mótmælendur hafi ekki verið sammála hinum herskáu þegar á leið þá stóðu þeir lengi vel hjá og fylgdust aðgerðalausir með árásum þeirra á lögreglu.

Þá væri fróðlegt að skoða hvaða kosti góður lögreglumaður þarf að hafa að mati þeirra sjálfra sem og almennings.

Ég tel mikilvægt fyrir stjórnendur lögreglunnar að hafa gögn sem sýna þeim ólík viðhorf lögreglumanna til stórra verkefna í líkingu við mótmælin og ef til vill gætu þeir þá unnið hraðar að aðgerðaráætlun fyrir lögreglumennina og aðstandendur þeirra.

Þrátt fyrir allt voru flestir þátttakendur rannsóknarinnar sáttir við framgöngu lögreglunnar í mótmælunum og töldu að þeir hefðu ekki getað gert þetta öðruvísi, að þeir hefðu fundið hina einu réttu leið.

Ég lít á það sem forréttindi að hafa fengið að tala við lögreglumenn um upplifun þeirra af mótmælunum og fengið þannig betri innsýn í starf lögreglumannsins.



## Heimildir

- Anna Sigríður Einarsdóttir og Rúnar Pálmason. (2009, 22. janúar). Aðsúgur gerður að ráðherra. *Morgunblaðið*, bls 14.
- Capacent Gallup. (2007). *Hertar aðgerðir lögreglunnar í miðbæ Reykjavíkur*. Sótt 28. mars af <http://gallup.is/?PageID=762&NewsID=837>.
- Capacent Gallup. (2009). *Mótmælin undanfarnar vikur*. Sótt 28. mars af <http://gallup.is/?PageID=762&NewsID=1119>.
- Eitrunarmiðstöðin. (2008). *Piparúði og táragas*. Sótt 16. apríl 2009 af [http://www4.landspitali.is/lsh\\_ytri.nsf/pages/tengill\\_0152/\\$FILE/eitrunarmidst\\_piparudi\\_taragas\\_2008.pdf](http://www4.landspitali.is/lsh_ytri.nsf/pages/tengill_0152/$FILE/eitrunarmidst_piparudi_taragas_2008.pdf).
- Gísli Jökull Gíslason. (2008, desember). Mótmælendur eru ekki óvinir lögreglu. *Lögreglublaðið*, bls 28-30.
- Granovetter, Mark. (1978). Threshold models of collective behavior. *The American Journal of Sociology*, 83(6), 1420-1443. Sótt 4. febrúar 2009 af <http://www.jstor.org/stable/2778111>.
- Kristin G. Esterberg. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw-Hill.
- Kvöldfréttatími Stöðvar 2*, 21. janúar 2009.
- Kvöldfréttatími Stöðvar 2*, 22. janúar 2009.
- Páll Winkel. (2007). Taser rafbyssa – valdbeitingartæki lögreglu. Birtist í *Lögreglumáðurinn*, 2, 14-15.
- Rúnar Pálmason. (2009, 16. apríl). Þurftu keðjusög til að brjóta sér leið upp stigann. *Morgunblaðið*, bls 20.
- Snorri Magnússon. (2009a). *Opið bréf til forsætisráðherra*. Sótt 28. mars 2009 af <http://www.ll.brsb.is/frettir/286-opie-bref-til-forsaetisraeherra>.
- Snorri Magnússon. (2009b). *Yfirlýsing til fjölmiðla frá Landssambandi lögreglumanna vegna mótmæla í Reykjavík og fréttu af mögulegri aðstoð ríkislögreglustjóra Danmerkur*. Sótt 28. mars 2009 af <http://www.ll.brsb.is/frettir/313-yfirlýsing-til-fjoelmiela-fra-landssambandi-loegreglumanna-vegna-motmaela-i-reykjavik-og-fretta-af-moegulegri-aestoe-rikisloegreglustjora-danmerkur>.
- Una Sighvatsdóttir. (2009, 23. janúar). Ofbeldisseggir tóku völdin. *Morgunblaðið*, bls 16.
- Una Sighvatsdóttir og Anna Sigríður Einarsdóttir. (2009, 21. janúar). „Þurfum nýtt lýðveldi“. *Morgunblaðið*, bls 12.
- Þingskjal 1180. (1996). Lögreglulög. *Alþingistíðindi A-deild*. Sótt 23. febrúar 2009 af <http://www.althingi.is/altxt/stjt/1996.090.html>.
- Örlygur Steinn Sigurjónsson. (2008, 24. apríl). Piparúða beitt ítrekað gegn mótmælendum. *Morgunblaðið*, bls 24-25.